

FRANK HALL

Píanóið plássfrekt og nýttist helst sem hilla

• heimili
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



JACOB BINZER Í D-A-D

Tilbúnir að bjarga Íslendingum í vanda

Dönsku rokkaþátturinn í stuði fyrir styrktartónleika
FÓLK 22



ATLI ÖRVARSSON

Heldur áfram að gera það gott í Hollywood

Samdi tónlist í kvikmyndinni Frost/Nixon
FÓLK 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. janúar 2009 – 17. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Nýtur lífsins út í ystu æsar

Árni Tryggvason leikari er 85 ára í dag.

TÍMAMÓT 12

Ástvinanudd á INN

Ingvi Hrafn Jónsson býður upp á nýstárlegt sjónvarps-efni.

FÓLK 22



Ómissandi fólk

„Valdastólar landsins geyma ómissandi fólk. Afgangurinn af þjóðinni er hins vegar missandi,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 8


Metsjöfnun hjá KR

KR vann sinn fjórtánda leik í Iceland Express-deild karla í gær.

ÍPRÓTTIR 18




VEÐRIÐ Í DAG



PURRT NORDAN TIL Í dag verða suðaustan 3-13 m/s og vindur stífastur vestan til fyrir hádegi. Snjó- eða slydduél en þurr norðaustan til og bjart með köflum lengst af í dag. Hiti nálægt frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...
... alla daga
Meðalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

FME hefur rannsakað kaup emírsins frá haustdögum

FME hefur síðan í haust rannsakað kaup Al-Thanis, bróður emírsins af Katar, á hlut í Kaupþingi. Sérstakur saksóknari hefur ekki litið á málið. Tap Kaupþings vegna kaupanna talið geta numið um 37 milljörðum.

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið (FME) hefur frá því í haust haft til skoðunar kaup Al-Thanis, bróður emírsins af Katar, á 25 milljarða króna hlut í Kaupþingi skömmu fyrir hrun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans grunað að ekki hefði allt verið með felldu í þeim viðskiptum og gert FME viðvart í nóvember. Eftir því sem næst verður komist hafði FME þá þegar haft veður af málinu. Óvíst er um stöðu rannsóknarinnar.

Tap Kaupþings vegna kaupa Al-Thanis nemur 37,5 milljörðum króna samkvæmt heimildum Stöðvar 2, eða rúmum 24 milljörðum standist fullyrðing Telmu Halldórsdóttur umboðsmans Al-Thanis um að hann hafi skömmu fyrir hrun bankans greitt honum rúma 13 milljarða króna.

Ólafur Þ. Hauksson, sérstakur saksóknari bankahrunsins, bendir á að embættið taki ekki formlega til starfa fyrr en í febrúar. Hann vildi ekki tjá sig sérstaklega um málið. „En ég reikna með því að almennt eigi mál eftir að berast embættinu frá Fjármálaeftirlitinu og skilaneftndum,“ segir hann.

Málið er hins vegar skoðað víðar. „Við förum yfir þetta á morgun [í dag]. Við förum yfir upplýsingagjöfina, en ég get ekki sagt meira um málið á þessu stigi,“ segir Þóroddur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Til efni rannsóknarinnar þar er umfjöllun fjölmiðla undanfarna daga. Eftir því sem næst verður komist útiloka menn ekki að þarna hafi orðið sýndarviðskipti.

Al-Thani eignaðist fimm prósent hlut í Kaupþingi 22. september, samkvæmt tilkynn-

ingu til Kauphallarinnar. Eignarhaldsfélagið Q Iceland Finance var skráð fyrir hlutum.

Nú virðist komið á daginn að Kaupþing hafi sjálft fjármagnað kaupin. Morgunblaðið upplýsir að þetta hafi verið gert þannig að tvö félög sem skráð eru á Jómfrúreyjum hafi lánað því þriðja, sem hafi aftur látið Q Iceland Finance hafa fé. Félagin á Jómfrúreyjum hafi fengið peninga hjá Kaupþingi með veði í bréfunum sjálfum. Annað félagið sé í eigu Ólafs Ólafssonar, sem var næst stærsti hluthafi í Kaupþingi, í gegnum félagið Kjalar.

Al-Thani á svo að hafa gert framvirkan gjaldeyrissamning við Kaupþing sem átti að tryggja honum gengishagnað og í rauninni greiða fyrir hlutinn. Þau viðskipti eiga að hafa farið fram í gegnum Kaupþing í Lúxemborg.

- ikh



NÝ ANDLIT Í RÓTGRÓNUM FLOKKI Krafan um breytingar var guðspjall dagsins á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, nýkjörinn formaður, fagnar hér sigri eftir að Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður flokksins hafði fengið að reyna sigurvinnuna um stundarsakir en fyrst var hann fyrir mistök lýstur sigurvegari kosninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skýr krafa Framsóknarflokksins um breytingar kristallaðist á flokksþinginu:

Kom af götunni, sá og sigraði

STJÓRNMÁL „Þetta eru mikil tíðindi, að 33 ára maður geti komið af götunni í rótgróinn stjórnmálaflokk og heillað þingið með sér og náð að sigra,“ sagði Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins í viðtali á flokksþingi flokksins í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður eftir

úrslitarimmu gegn Höskuldi Þór Þórhallssyni sem fyrir mistök var ranglega lýstur réttkjörinn formaður flokksins. Eftir nokkrar mínútur var það leiðrétt og í kjölfarið sagði Haukur Ingibergsson af sér sem formaður kjörnefndar.

Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður flokksins, sagði að með

brotthvarfi sínu hafi hann verið að kalla grasrótna til áhrifa og nú hafi hún svarað kallinu. „En þó nýliðar hafi sigrað þá fara þeir gömlu sáttir af þessu þingi,“ sagði hann. „Ég fer bjartsýnn og segi eins og skáldið að jafnvel gamlir símastaurar syngja í sólskininu og verða grænir aftur.“

- jse / sjá síðu 6

Viðbrögð við efnahagskreppu: Danir setja á þriðja þúsund milljarða í kerfið

EFNAHAGSMÁL Dönsk stjórnvöld hafa ákveðið að verja hundrað milljörðum danska króna, eða um 2.300 milljörðum íslenskra, til að styðja við danskt fjármálakerfi, að því er segir á vef Danska ríkisútvarpsins.

Bankar og fjármálastofnanir fá lánað fjármagn frá ríkinu á tíu prósent vöxtum að meðaltali, en vextirnir verði ákveðnir í hverju tilfelli fyrir sig, eftir þeirri áhættu sem felst í hverju láni. Stofnanir í vandræðum greiði því hærrí tánd en aðrar. Hömlur verði settar á laun stjórnenda fyrirtækjanna.

- kóp



ANDERS FOGH RASMUSSEN

Áttu von á gestum?

Svefnisófar

Betra BAK

6 tommu bátur

Skinku bátur

329 kr.

SUBWAY

Gildir í janúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunni

SPURNING DAGSINS



Jói Fel, hversu steiktur ertu?

„Ég er medium rare að innan en vel stökkur og harður að utan.“

Tómas Tómasson á Bullunni hefur vegna fjölda áskorana sett á matseðilinn nýjan hamburgara sem heitir í höfuðið á bakaranum Jóa Fel. Sá er beikonborgari með grillsósu.

Vandræði hjá Askar Capital: Íslendingafélag á leið í þrot

VIÐSKIPTI Breska fjárfestingafélagið Kcaj, sem Askar Capital stýrir, gæti farið í þrot í vikunni takist ekki að fá nýtt fé í



KARL WERNERSON

reksturinn eða selja eignir, að sögn breska dagblaðsins Sunday Times. Samningar standa yfir við íslenska banka, sem eru lána-drottinn Kcaj. Kcaj á hlut í verslanakeðjum í Bretlandi en tvö félög í eigu þess, konunglegi klæðskerinn Hardy Amies og verslunin Ghost, eru langt komin í gjaldþrotameðferð.

Breskir fjölmiðlar segja aðstæður í breskum verslanarekstri afar erfiðar. Útlit sé fyrir að fleiri verslanir Kcaj geti farið sömu leið takist félaginu ekki að leggja þeim til auknið fé eða grípa til annarra aðgerða.

-jab

NOREGUR

Senda hermenn til Kongó

Norðmenn velja fyrir sér að senda friðarsveitir, ekki bara peninga, til Kongó að ósk Sameinuðu þjóðanna. Norðmenn vilja gjarnan senda sveitirnar og ætla að skoða hvers konar sveitir verða fyrir valinu, þeir eiga ekki gott með að senda landgönguliða vegna hersveita sunna í Afganistan.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bruggarar gripnir

Ólögleg bruggverksmiðja fannst í húsi við Frakkastíg í Reykjavík um hádegisbilið í gær. Lögreglumenn áttu leið inn í húsið í öðrum erindagjörðum og veittu því athygli að bruggverksmiðja var þar í gangi. Verksmiðjan var í minni kantinum og er talið að tveir karlmenn hafi staðið að henni.

Útvarpsmenn safna ullarfátnaði fyrir þurfandi eldri borgara í Bretlandi:

Síðustu forvöð að gefa peysu

LÍKNARMÁL Söfnun á íslenskum ullarfátnaði, lopapeysum, lopasokkum, lopavettlingum, húfum og lopateppum til þurfandi eldri borgara í Bretlandi fer senn að ljúka. Tekið verður við ullarflikum hjá Samskipum og á Bylgjunni í dag og á morgun. Vonir standa til að hægt verði að afhenda heilan gám af hlýjum og góðum íslenskum ullarfátnaði í Bretlandi í næstu viku.

Forsprakar söfnunarinnar eru útvarpsmennirnir Kolla og Heimir, Kolbrún Björnsdóttir og Heimir Karlsson, sem stýra þættinum Í bitíu á Bylgjunni. Heimir segir að söfnunin hafi gengið mjög vel



VILJA ULL FYRIR BRETA Kolla og Heimir lýsa eftir ullarfátnaði handa eldri borgurum sem lifa við kulda og vösbúð í vetrarhörkunni í Bretlandi.

en „við viljum meira. Við viljum koma með eins mikið magn og við

getum þannig að við vekjum eins mikla athygli og hægt er þegar við afhendum þetta,“ segir hann.

Hugmyndin kom upp af tilviljun í símaviðtali á Bylgjunni einn morguninn nýlega. Í Bretlandi hafa verið fréttir um að tólf eldri borgarar deyi beint eða óbeint úr kulda og vösbúð á klukkustund. Heimir segir að síðasta áratug hafi 260 þúsund eldri borgarar dáíð af þessum sökum og frá febrúar fram í mars í fyrra hafi yfir 25 þúsund dáíð. Afar kalt hafi verið í vetur.

Heimir hefur verið í sambandi við samtök eldri borgara í Bretlandi og fengið einkar góð viðbrögð þaðan.

-ghs

Starfandi utanríkisráðherra: Össur afþakkar heimsókn Ísraela

UTANRÍKISMÁL Starfandi utanríkisráðherra, Össur Skarp-héðinsson, hefur afþakkað óvænta heimsókn menntamálaráðherra Ísraels til landsins.

Össur segir að honum hafi ekki þótt rétt að taka á móti ráðherranum, í ljósi framferðis Ísraela á Gasasvæðinu og harkalegra viðbragða íslenskra ráðamanna í kjölfarið, eftir því sem hann segir í viðtali við RÚV.

Að auki hafi enginn aðdragandi verið að heimsókninni, það er menntamálaráðherra var ekki boðið hingað áður, sem Össur telur óvenjulegt.

-kóp

Börn í Árnese missa íþróttaaðstöðu sína

Landsvirkjun leigir Árnes fyrir 8,5 milljónir á ári í tíu ár og opnar upplýsingamiðstöð um virkjanirnar í Þjórsá. Hreppurinn kannar byggingu íþróttahúss. „Óþægilegt að þetta fyrirtæki leigi þessa sameiginlegu eign okkar,“ segir íbúi.

UMHVERFISMÁL Landsvirkjun ætlar að leigja 250 fermetra af íþróttaaðstöðu og mótuneyti í félagsheimilinu Árnese undir upplýsingamiðstöð um virkjanirnar í Þjórsá til tíu ára. Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps kannar möguleikana á að byggja í staðinn nýtt íþróttahús við félagsheimilið þó að aðeins fimmtíu nemendur séu í Þjórsárskóla og þeim fari fækkandi.

Skrifað var undir viljayfirlýsingu um leiguna í fyrra. Landsvirkjun greiðir 85 milljónir, eða 8,5 milljónir króna á ári í tíu ár, fyrir húsnæði undir upplýsingamiðstöðina í Árnese. Gert er ráð fyrir þessum tekjum í fjárhagsáætlun hreppsins fyrir þetta ár þó ekki hafi

SIGPRÚÐUR JÓNSDÓTTIR

enn verið skrifað undir samninginn og seinkun fyrirsjáanleg vegna efnahagsástandsins.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að svipuð upplýsingamiðstöð verði í Árnese og er í Végarði í Fljótsdal. Hann býst við að byggt verði við Árnes og að leiguféð verði notað í það. Þetta komi þó ekki í ljós fyrr en framkvæmdir Landsvirkjunar hefjist. Hann á ekki von á því að upplýsingamiðstöðin verði opnuð í bráð.

Björgvin Skafti Jónsson



LANDSVIRKJUN LEIGIR ÁRNES Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur samið við Landsvirkjun um að leigja hluta af félagsheimilinu Árnese undir upplýsingamiðstöð um virkjanirnar í Þjórsá fyrir samtals 85 milljónir í tíu ár.

hreppsnefndarmaður segir að upphaflega hafi verið rátt um að upplýsingamiðstöðin kæmi ekki niður á skólastarfinu og að börnin yrðu áfram í íþróttum í Árnese þó að miðstöðin yrði þar til húsa en það hafi greinilega breyst. Hann vill láta kanna aðra möguleika áður en ákveðið verður að byggja íþróttahús, til dæmis að senda börnin í skóla á Flúðum.

Sigprúður Jónsdóttir, íbúi í hreppnum, „er ekki hrifin af því að Landsvirkjun leigi félagsheimilið okkar. Mér finnst óþægilegt að þetta fyrirtæki, sem stendur að framkvæmdum sem ég hef barist gegn í langan tíma, fái inni

í okkar sameiginlega félagsheimili. Framkvæmdirnar eru ákaflega umdeildar og þetta er mjög djúpstætt hjá fólki. Mér finnst því óþægilegt að þetta fyrirtæki leigi þessa sameiginlegu eign okkar sem hér búum.“

Sigprúður telur að með leigunni sé Landsvirkjun að stinga snúði upp í íbúana til að þeir láti þetta yfir sig ganga. Fáir viti af málinu. Hún segir að sagt hafi verið frá þessu á íbúafundi í desember en íbúar séu lítið spurðir álits og leigan hafi ekkert verið rædd. Hún gerir ráð fyrir að skiptar skoðanir séu líka um byggingu íþróttahúss.

ghs@frettabladid.is

Norskur sjávarútvegur:

Ráðuneyti metur íslensk áhrif

NOREGUR Norska sjávarútvegsráðuneytið hefur búið sig undir að Íslendingar sækji um aðild að ESB og fari í aðildarviðræður. Embættismenn ráðuneytisins hafa metið afleiðingarnar og áhrifin á norskan sjávarútveg og sett upp mismunandi möguleika í þeim efnum.

„Við gerum það sem við teljum skynsamlegast til að búa okkur undir þetta,“ segir Magnor Nerheim, embættismaður í sjávarútvegsráðuneytinu, við Aftenposten. Sömu embættismenn og sáu um samningaviðræður Norðmanna við ESB 1993-1994 séu enn starfandi í ráðuneytinu.

Landbúnaður og sjávarútvegur standa utan við EES-samninginn. Það hefur lítil áhrif á Norðmenn í landbúnaðarmálum gangi Íslendingar í ESB en hins vegar hefur það mikil áhrif í sjávarútvegsmálum.

-ghs

Biskup Íslands:

Ofbýður ástand á Gasasvæðinu

STRÍÐ „Okkur ofbýður grimmdin, stigmögnun hermdarverkanna og æ harkalegri viðbragða,“ segir séra Karl Sigurbjörnsson biskup í pistli um stríðið á Gasasvæðinu.

Karl rekur þar hvernig allt hjálparstarf kirkna sé í molum, eftir að „þau skelfilegu grimmdarverk“ hófust fyrir þremur vikum, þegar Ísraelsmenn réðust á svæðið.

„Hvetjum ráðamenn stríðandi aðila til að slíðra sverðin,“ segir biskupinn meðal annars. Hann hvetur Ísraela til að falla frá viðskiptabanni og einangrun Gasasvæðisins, og til að hætta að leggja stein í götu mannúðar- og hjálparamtaka.

-kóp

Bandaríkjamenn hita sig upp fyrir embættistöku nýs forseta á þriðjudag:

Obama kominn í forsetagír

BANDARÍKIN, AP Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, og Joe Biden, verðandi varaforseti, komu ásamt fjölskyldum sínum til Washington-borgar með lest á laugardag til að undirbúa sig fyrir embættistöku Obama á þriðjudag.

Athöfnin þykir táknræn en goðsagnarkenndi forsetinn Abraham Lincoln kom til borgarinnar með sama hætti fyrir 148 árum.

Þegar Lincoln kom til borgarinnar var þrælastríðið handan við hornið. Obama stendur frammi fyrir litlu minni erfiðleikum; efnahagslíf landsins er í miklum vanda og hann þarf að glíma við gríðarlegan viðskiptahalla auk þess sem hann hefur einsett sér að binda enda á Íraksstríðið.

Þeir Obama og Biden lögðu krans á leiði óþekktu hermanna í Arlington-kirkjugarðinum í



OBAMA OG BIDEN Verðandi forseti Bandaríkjanna og varaforsetaefnið veifa til stuðningsmanna úr lestinni sem þeir komu í til Washington-borgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Washington í gærmorgun en sátu stjörnum prýdda risatónleika um kvöldið.

Hátíðahöldum í tengslum við embættistöku Obama lýkur á

miðvikudagsmorgun með messu. Kirkjuhald sem þetta á rætur að rekja allt aftur til 1789 þegar George Washington, fyrsti forseti landsins, settist í forsetastól.

-jab

Minna kólesteról

Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.

Ein flaska á dag dugur til að ná hámarksvirkni.



www.ms.is

Vafræðu um netið á læggra verði!

**Prófaðu nettengingu Nova.
Þú hefur 10 daga til að finna út
hvort þjónustan hentar þér.**

Allar nánari upplýsingar á nova.is.

**10 daga
reynslutími!**



**Nettenging fyrir heimilið og/ eða sumarbústaðinn.
Hentar ef fleiri en ein tölva er á heimilinu.**



**Nettenging fyrir fartölvuna. Fartölvun alltaf tengd netinu
hvort sem þú ert heima eða á ferðinni.**

3G internet

1.990 kr. /mán.

Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.

**3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Það dugur
flestum að nota 5 GB á mánuði. Komdu til Nova og fáðu pung eða box til að
tengjast netinu. Þetta er einfaldara en það hljómar!**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkort.
Pungur útborgun: 0 kr. Box útborgun: 4.900 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GJALDMIDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,82	127,42
Sterlingspund	89,46	190,38
Evra	168,22	169,16
Dönsk króna	22,573	22,705
Norsk króna	18,314	18,422
Sænsk króna	15,628	15,720
Japanskt jen	1,3983	1,4065
SDR	191,88	193,02

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,389

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslendingar fjölmenntu á mótmælafund í Háskólabíói vegna ófriðarins á Gasa:

Árásir Ísraels rannsakaðar sem stríðsglæpur

ÍSRAEL, AP Nánast húsfyllir var á mótmælafundi sem var haldinn í Háskólabíói um miðjan dag í gær. Fundurinn var haldinn undir kjörorðinu Þjóðarsamstaða gegn fjöldamorðunum á Gasa. Össur Skarphéðinsson, starfandi utanríkisráðherra, ávarpaði fundinn. Hann segir að íslensk stjórnvöld vilji að framferði Ísraelsmanna á Gasa verði rannsakað sem stríðsglæpur.

Samið hefur verið um vopnahlé milli Ísraelsmanna og Hamas að tillögu Egypta. Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefur fagnað vopnahlénu.

Ísraelsmenn hafa nú eina viku til að kalla hersveitir sínar heim, að sögn erlendra fréttamiðla.

Strax eftir að samkomulag náðist var fimm eldflaugum skotið að borgunum Ash-

dod og Sderot án þess þó að Ísraelsmenn brygðust við.

Egyptar hafa hafnað því að senda eftirlitsmenn að landamærunum að Ísrael og Gasa en Mahmoud Abbas, forseti Palestínnumanna, hefur hvatt þjóðir heims til að senda eftirlitsmenn á svæðið. Mubarak Egyptalandsforseti og Abbas ætla að hittast á leiðtoga fundi í Egyptalandi eftir tvær vikur til að ræða saman og fara yfir stuðninginn frá Vesturlöndum.

Þúsundir manna hafa snúið heim til sín á Gasa og sumir þeirra eiga ekki heimili lengur, þar eru rústir einar. Í hverfunum Zeytun og Tuffah hafa hundruð manna grafið í rústunum, þar á meðal tólf manna fjölskylda. Gríðarleg eyðilegging blasir hvarvetna við.



SÝNDU STUÐNING SINN Íslendingar sýndu stuðning sinn við Palestínnumenn á mótmælafundi í Háskólabíói í gær. Össur Skarphéðinsson, starfandi utanríkisráðherra, vill að framferði Ísraelsmanna verði rannsakað sem stríðsglæpur.



LEIKHÚSFÓLKID Auður Jónsdóttir rithöfundur við hlið leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur, Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

Leikskáld Borgarleikhússins:

Auður ráðin í leikhúsi í eitt ár

MENNING Auður Jónsdóttir rithöfundur hefur verið valin leikskáld Borgarleikhússins 2009.

Þetta var tilkynnt á fjölmennum opnum félagsfundum í Borgarleikhúsinu í gær en Auður var valin úr stórum hópi umsækjenda. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem leikhúsið velur skáld með þessum hætti.

Nýstofnaður Leikritunarsjóður Borgarleikhússins stendur á bak við valið en ætlunin er að velja eitt skáld á hverju ári sem mun vera í fullu starfi innan veggja leikhússins og skrifa verk sem stefnt verði að því að setja upp.

- job

Ráðstefna Microsoft:

Hrun í þátttöku Íslendinga

RÁÐSTEFNA Rísaráðstefna á vegum Microsoft hefst hérlandis í dag. Ráðstefnunni er ætlað að vera smærri útgáfa ráðstefnanna TechEd og Convergence, sem haldnar voru á síðasta ári í Bandaríkjunum og Danmörku, og fáir Íslendingar gátu sótt.

- kg

Seðlabankastjóri sá skýrsluna ekki í apríl

Einn seðlabankastjóra kannast ekki við að hafa séð dökka skýrslu eftir Buitter og Sibert um efnahagsmál strax í apríl. Um sumarið hafi margt verið sagt og skýrslan verið ein af mörgum. Bankinn var ekki á móti því að hún væri birt.

EFNAHAGSMÁL Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri segir ekki rétt að hann hafi séð dökka skýrslu um ástand efnahagsmála eftir hagfræðingana Willem Buitter og Anne Sibert í apríl í fyrra, heldur um sumarið, í júlí.

Hagfræðingarnir héldu því fram í Silfri Egils í gær að skýrslan, sem segir meðal annars að afar líklegt sé að illa fari í íslensku efnahagslífi, hefði verið send í Seðlabankann í apríl.

Skýrslan komst í hámeð í október þegar Buitter sagði frá henni í grein í Financial Times og hefur hún verið kölluð „skýrslan sem var stungið undir stól“.

Spurður hvers vegna ekki hafi verið brugðist við skýrslunni, segist Ingimundur ekki hafa neitt um það að segja á þessu stigi. Seðlabankinn hafi skýrt sína afstöðu til skýrslunnar með nákvæmum hætti „í ritum okkar og ræðum og minnisblöðum sem eru á heimasíðu bankans.“

Ekki var í skjótu bragði að finna neina umfjöllun Seðlabankans um skýrsluna sem slíka á heimasíðu bankans í gærðag en bankastjórnarnir hafa auðvitað rætt ýmsa gagnrýni sem kom fram í henni, svo sem um stærð bankakerfisins og gjaldeyrismál.

„En það var svo margt sem var sagt á þessum tíma og ekki bara þetta. Þetta var skýrsla sem var pöntuð af Landsbankanum og ein af mörgum sem voru gerðar,“ segir Ingimundur. Nær væri að spyrja ráðamenn Landsbanka um skýrsluna, sem var ekki birt opinberlega.



INGIMUNDUR FRÍÐRIKSSON



WILLEM BUITTER



ANNE SIBERT

HEFÐI HRUNIÐ HVORT SEM ER

Buitter og Sibert bentu á að bankakerfið væri tífalt á við þjóðarframleiðslu og bankar hefðu engan lánveitanda til þrautavara. Að næsta víst væri að kerfið myndi hrynja. Þau hafi hvatt Seðlabanka og fjármálaráðuneyti til að leita á náðir AGS og til allra sem hjálpað gætu. Stórfelld mistök hafi verið gerð í stefnumótun og ekki hafi þurft alþjóðlega efnahagskrisu til að kerfi-

ð hrynji. Seðlabankinn hafi haft langt í frá nægan gjaldeyrisforða.

Hagfræðingunum list illa á einhliða upptöku evru, en nauðsynlegt sé að Íslendingar taki upp annan gjaldmiðil. Annars verði þjóðin að búa við gjaldeyrishöft áfram. Upplýsingaskortur stjórnvalda sé gífurlegur og vekur það furðu þeirra að enginn ráðamaður hafi axlað ábyrgð enn.

„Ég sá hana í júlí og við höfðum ekkert á móti því fyrir okkar leyti að hún yrði birt,“ segir hann.

Spurður um þá gagnrýni hagfræðinganna að hér á landi sé gífurlegur skortur á upplýsingum til dæmis um skuldastöðu ríkis og banka, segist Ingimundur ekki telja að þetta sé rétt. Hér hafi jafnan verið mjög greiður aðgangur að talnaegum upplýsingum.

Því var hann spurður hver nákvæmlega væri skuldastaða landsins, en Ingimundur vill ekki

ræða það að svo stöddu. Hann bendir á að í síðustu viku hafi verið birtar tölur um brúttóskuldir ríkissjóðs. Þó sé ekki víst hverjar þær verði endanlega, því ekki er búið að ganga frá samningum um lántökur við erlend ríki. Um skuldir banka segir hann að þeir séu enn í greiðslustöðvun; verið sé að gera þá upp. Annars vilji hann ekki tjá sig um þessi mál.

Fjármálaráðuneyti var einnig kynnt efni skýrslunnar, en ekki náðist í Árna M. Mathiesen í gær.

klemens@frettabladid.is

Lögreglan á Akureyri:

Bíllinn lenti á skurðarkanti

LÖGREGLUMÁL Bílslys varð á hringvegnum rétt austan við Þelamörk í Eyjafirði snemma í gærmorgun þegar fólksbíll fór út af veginum yfir skurð og skorðaðist á skurðarkantinum hinu megin.

Minni háttar meiðsl urðu. Þrír menn voru í bílnum. Einn þeirra kvartaði undan meiðslum í öxlum og hálsi og var hann fluttur með sjúkrahúsið á Akureyri.

Hálka var á veginum og átti sinn þátt í slysinu en grunur leikur einnig á að ökuður hafi verið orðinn þreyttur við aksturinn og dottað.

- ghs

Landhelgisgæslan:

Sótti meiddan mann á heiði

LÖGREGLUMÁL Landhelgisgæslan fékk um miðjan dag í gær beiðni um að senda þyrllu til að sækja slasaðan vélsleðamann á Lyngdalsheiði þar sem erfitt var að komast að staðnum og ljóst að jeppi lögreglunnar kæmist ekki.

Tveimur af björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar var einnig gert viðvart.

Þyrllan TF-Eir var á leið í reglubundið gæsluflug þegar beiðnin barst og fór strax á vettvang. Hún var komin með manninn á Landspítalann í Fossvogi rétt fyrir hálfjögur í gær. Við skoðun lækis kom í ljós að maðurinn var ekki alvarlega slasaður.

- ghs

LANDHELGISGÆSLAN

Sótti öklabrotinn mann

Þyrllan Landhelgisgæslunnar sótti á laugardagsmorgun öklabrotinn sjómann um borð í togarann Hrafn GK. Togarinn var 70 mílur undan Snæfellsnesi þegar maðurinn meiddist en var 25-30 mílur vestnorðvestur af Garðskaga þegar hann var sóttur.



Xerodent


Við munnþurrki

Preföld virkni Xerodents

- Eplasyra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni


Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur. Notkunarvið og skömmtun: Hver tafla inniheldur eplasyru 28,6 mg og natriumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrki. Skammtastærðir fyrir fullorðna: 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrki má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráða hæg í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn. Varúðarreglur: Þeir sem hafa ofnaemi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnum ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drýkkjavatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitol getur það haft hæðislosandi verkun. Meðgangabráðgjafi: Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natriumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.

VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson
veðurfræðingur

ÁFRAM UMHLEYPINGAR
Núna með morgninum er lægð á fullri ferð vestur með Norðurlandinu og frá henni verður snjókomu eða slydda norðvestan til og á Vestfjörðum í fyrstu, en úrkomuminnna eftir hádegi. Önnur lægð er suðaustur af landinu sem ýtir eljalofiti inná landið úr suðri. Mér sýnist að Norðurlandið geti orðið norruð bjart framan af en síðan muggað seint í dag.




HEIMURINN

Alicante	17°
Amsterdam	8°
Basel	6°
Berlín	3°
Billund	3°
Eindhoven	8°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	20°
London	7°
New York	-1°
Orlando	19°
Osló	0°
París	10°
Róm	13°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 8-18 m/s hvassast SA-til. Úrkomulítið síðdegis.

MÁNUDAGUR 5-13 m/s stífastur NV-til



TOYOTA

Hringdu núnn

AYGO YARIS COROLLA AURIS AVENSIS
PRIUS RAV4 HILUX LAND CRUISER

ISLENSKISALSTÖT 4473 0149

Kláraðu dæmið

Þessa dagana erum við öll að velta allskonar tölum fyrir okkur. Reyna að fá sem mest fyrir peningana. Og það er vissulega kjarabót að gera góð kaup á góðum bíl og geta búist við góðri þjónustu.

Við eigum í augnablikinu nokkra bíla á janúarverði. Sölumenn okkar eru við símann, reiðubúnir að aðstoða þig og svara þeim spurningum sem þú kannt að hafa. Hjálpa þér að klára dæmið.

Sum reikningsdæmi eru einfaldari en önnur.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

KJÖRKASSINN



Hefur þú lesið bók eftir Arnald Indriðason?

Já 55,2%
Nei 44,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi auknum þorsk-
kvóta?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Sjóránur fjölgaði gífurlega á síðasta ári, og munar þar mest um Sómalí:

Landhelgisgæsla sjóræningja

SÓMALÍA Sjóránur fjölgaði mjög á síðasta ári. Samtals var ráðist á 293 skip á árinu, en af þeim var 49 skipum rænt og nærri 900 skipverjum haldi í gíslingu víðs vegar um heim.

Sómalskir sjóræningjar voru afkastamestir, því þeir stóðu að 111 árásanna. Flestar árásir þeirra voru gerðar á Adenflóa á tímabilinu frá september til nóvember. Ástandið hefur ekki verið verra síðan byrjað var að taka saman tölur um sjórán í heiminum árið 1991.

Sómölsku sjóræningjarnir stunda glæpi sína í skjóli stjórnsleysis, sem ríkt hefur í Sómalíu í

nærri tvo áratugi. Margir þeirra líta þó á sig sem eins konar landhelgisgæslu fyrir Sómalíu.

Óprúttir skipaeigendur og skipstjórar hafa nefnilega að einhverju marki stundað það, einnig í skjóli stjórnsleysisins í Sómalíu, að veiða ólöglega í landhelgi og losa sig við eittraðan úrgang úti af ströndum Sómalíu.

Jafnvel eru dæmi um að kjarnorkuúrgangi hafi verið sturtað í hafid við Sómalíu. Þegar flóðbylgjan mikla reið yfir í desember 2004 rak eitthvað af þessum kjarnorkuúrgangi upp á strendur landsins með skelfilegum afleiðingum fyrir heilsufar íbúanna.



SIRIUS STAR Oliuskiptið Sirius Star er það stærsta sem sjóræningjar hafa náð á sitt vald.

Áfengisneysla í Róm:

Bannað að selja á nóttunni

ÍTALÍA, AP Borgaryfirvöld í Róm hafa ákveðið að takmarka áfengissölu í von um að dragi úr gleðskap að næturlagi.

Samkvæmt nýju reglunum er ekki hægt að kaupa áfengi til að taka með sér á börum, veitingastöðum og í matvöruverslunum eftir klukkan níu á kvöldin.

Eftir klukkan tvö á nóttunni er bannað að selja áfengi á börum og veitingastöðum en diskótek eru undanþegin.

Milt loftslag og fallegt umhverfi hefur orðið til þess að drykkja utandyra hefur aukist og íbúar kvarta undan stöðugum hávaða á nóttunni.

- ghs

FLOKKSPING FRAMSÓKNARFLOKKSINS

Guðni Ágústsson:

SYNGJA OG VERÐA GRÆNIR AFTUR

„Hér hafa mikil tíðindi gerst,“ sagði Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins við Fréttablaðið á flokkspinginu í gær. „Hér kemur ungur maður, 33 ára að aldri, sér og sigrar þetta þing. Þegar ég hvarf af vettvangi þá gerði ég það til að opna flokkinn og kalla grasrótna til áhrifa; nú hefur hún svarað þessu kalli. En þó nýliðar hafi sigrað þá fara þeir gömlu sáttr af þessu þingi. Eg fer bjartsýnn og segi eins og skáldið að jafnvel gamlir símastaurar syngja í sólskininu og verða grænir aftur.“

- jse

Höskuldur Þór Þórhallsson:

HAFNAÐI VARA-FORMANNSLAG

Hart var sótt að Höskuldi Þór Þórhallssyni að bjóða sig fram til varaformanns eftir að ljóst var að hann þyrfti að lúta í lægra haldi fyrir Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í formannslagnum en hann varð ekki við þeirri áskorun.

Hann gerði þingi þetta ljóst og sagði hann við það tækifæri að honum þætti það drengilegt af Hauki Ingibergssyni, formanni kjörnefndar, að segja af sér í kjölfar mistakanna þegar hann lýsti Höskuld Þór réttkjörinn formann flokksins. „Það var þó ekki að minni ósk,“ sagði hann.

- jse

Siv Friðleifsdóttir:

KRAFA UM ENDURNÝJUN

„Ég tel að landsbyggðarsjónarmið hafi ráðið nokkru um þetta og það er sjónarmið sem ég er fullkomlega sáttr við,“ sagði Siv Friðleifsdóttir sem varð undir í kjöri um varaformann Framsóknarflokksinn.

En um formannskjörið sagði hún, „fyrsta umferð kom mjög á óvart. Eg átti von á því að menn stæðu jafnar en þessi niðustaða sýnir mjög skýra kröfu flokksins um endurnýjun. Eg var reyndar farin að skynja þá kröfu sem varð meðal annars til þess að ég ákvað að bjóða mig ekki fram til formanns.“

- jse

Fyrri niðurstaðan léttari

Tveir fengu að fagna formannskjöri á flokkspingi Framsóknarflokksins í gær. „Fyrri niðurstaðan var eiginlega léttari,“ sagði Sigmundur Davíð réttkjörinn formaður eftir dramatíska atburðarás.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins á flokkspinginu í gær. Kjósa þurfti tvisvar þar sem ný lög höfðu tekið gildi um að þann háttinn skyldi hafa á ef einn næði meira en helmingi atkvæða, sem varð raunin í fyrstu umferð. Fékk Sigmundur Davíð 449 atkvæði í síðari umferð en Höskuldur 340.

Sama varð uppi á teningnum í kjöri um varaformann en Birkir Jón Jónsson bar þar sigurorð af Siv Friðleifsdóttur með 59 prósent atkvæða en hún fékk 39 prósent.

Síðari kosningin um formannssætið stóð á milli Sigmundur Davíðs og Höskuldar Þórs Þórhallssonar. Mistök urðu þegar Haukur Ingibergsson, formaður kjörnefndar, ætlaði að gera úrslit kunn. Sagði hann Höskuld Þór réttkjörinn formann. Áður en Höskuldur flutti siguræðu var tilkynnt að Einar Skúlason, framkvæmdastjóri flokksins, og formaður kjörnefndar hefðu hlaupið út og eitthvað hefði ekki verið á hreinu þeirra á millum. Nokkrum mínútum síðar kom Haukur og tilkynnti Sigmundur Davíð réttkjörinn formann.

„Það er bara mannlegt að gera mistök og ég ber ekki kala til neins þó að þetta hafi átt sér stað,“ sagði Höskuldur við Fréttablaðið. „Það varð mislestur á dálkum en ég sem formaður kjörnefndar ber ábyrgð á þessum skelfilegu mistökum,“ sagði Haukur en hann sagði af sér formennsku í kjölfarið. „Ég fór sjálfur til Höskuldar og bað hann afsökunar persónulega,“ bætti hann við. „Skelfileg uppákoma,“ sagði Jón Kristjánsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra.

„Ég var í rauninni mjög ánægður,“ sagði Sigmundur Davíð þegar hann var spurður um viðbrögð þegar Höskuldur Þór var lýstur réttkjörinn formaður. „Mér list vel á Höskuld og tel að hann hefði orðið prýðis formaður. Það var eiginlega léttara að heyra fyrri niðurstöðuna heldur en þá síðari þegar það helltist yfir mann ábyrgðin.“

jse@frettabladid.is



NÝ FORUSTA Sigmundur Davíð Gunnlaugsson nýkjörinn formaður kallaði á keppinauta sína þegar úrslit lágu fyrir. Hann er í miðjunni en Páll Magnússon, honum á hægri hönd og Höskuldur Þórhallsson á þá vinstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁHERSLUR NÝJA FORMANNSINS

Hversu ákveðinn ertu í að fylgja eftir nýsamþykktri Evrópustefnu flokksins? „Við munum að sjálf-sögðu fylgja henni eftir en það eru aðrir hlutir sem þarf að taka á fyrst því aðild að Evrópusambandinu leysir ekki þann bráðavanda sem nú er við að etja í efnahagslífinu.“

Hvernig finnst þér að bregðast eigi við bráðavandanum? „Við munum byrja á því strax á morgun að ræða við sérfræðinga sem vinna á þeim sviðum þar sem er brýnast að taka á vandanum. Þegar liggja mun fyrir, eftir þessa vinnu, hvaða aðgerðir verður að fara í munum við bjóða ríkisstjórninni aðstoð við að hrinda þeim í framkvæmd. Margar þeirra verða sársaukafullar og við teljum að eflaust þess vegna hafi ríkisstjórnin ekki treyst sér til að fara út í þær en með því að bjóða aðstoð okkar munum við taka nokk-

uð af þeim höggþunga af þeim.“

Hvað hefur ríkisstjórnin gert rangt? „Stærstu mistökín eru hvernig staðið hefur verið að viðræðum vegna skuldsetningar þjóðarinnar, til dæmis vegna Icesave. Meðan þjóðin er svona skuldsett er lána-fyrirgreiðsla ómöguleg, ekki aðeins fyrir híd opinbera því fyrirtæki fá heldur ekki lána-fyrirgreiðslu því erlendir bankar, greiningaraðilar og ríkisstjórnir líta svo á að við séum í raun gjaldþrota.“

Er hugsanlegt að Framsóknarflokkurinn fari í ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokki ef hann hafnar aðildarviðræðum á landsfundi? „Það er mikill vilji fyrir því í Framsóknarflokknum að Sjálfstæðisflokkur fái hvíld. Annars setur Framsóknarflokkurinn það ekki fyrirfram sem skilyrði að samstarfsflokkurinn sé hlyntur aðildarviðræðum.“



STUTT GAMAN Höskuldur Þórhallsson fagnaði sigri eitt stundarkorn.



TÓK ÁBYRGÐ Formaður kjörstjórnar Framsóknarflokksins, Haukur Ingibergsson sagði af sér eftir mistökin.

LYFJA
- Lífið heil



20% verðlækkun+
ORIGINAL ARCTIC ROOT
Gegn streitu og álagi, extra sterkt og fljótverkandi.
~~2.450 kr.~~ **1.960 kr.**



20% verðlækkun+
UDO'S Omega fitusýrur eru meðal vinsælustu bætiþefna hjá íþróttafólki. Hreysti úthald og vellíðan.
500 ml. ~~2.619 kr.~~ **2.095 kr.**
250 ml. ~~1.340 kr.~~ **1.792 kr.**



20% verðlækkun+
ANGELICA veitir styrk og hugarró.
60 tölur ~~2.692 kr.~~ **2.154 kr.**
100 ml. ~~1.679 kr.~~ **1.343 kr.**

www.lyfja.is

Lægra
verð
í Lyfju

+ Gildir til 31.1.2009

Semjum við Evrópusambandið



Samfylkingin hefur frá stofnun leitt umræðuna um Evrópumál og var lengi vel eini stjórn málaflökkurinn sem léði máls á inngöngu í Evrópusambandið. Stefna Samfylkingarinnar er skýr, að sótt verði um inngöngu í Evrópusambandið, leitað verði eftir viðtækri samstöðu meðal stjórn málaflökka og þjóðarinnar um samningsmarkmið og síðan verði niðurstaða samningaviðræðna borin undir þjóðaratkvæði.

Samfylkingin efnir nú til opinna funda um land allt um hin margvíslegu álitamál sem tengjast Evrópusambandinu og þau meginsvið sem samið yrði um í aðildarviðræðum. Fleiri fundir munu bætast við síðar. Við hvetjum landsmenn til að kynna sér vel kosti og galla aðildar og taka þátt í umræðunni.

Opnir fundir í öllum kjördæmum:

1. Tryggjum frið og öryggi

Mánudag 19. janúar kl. 20.00 í Hamraborg 11, Kópavogi

Frummælendur: Þórunn Sveinbjarnadóttir umhverfisráðherra, Árni Páll Árnason þingmaður, Alyson Bailes gestaprófessor við Háskóla Íslands, Eva Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna.

Fundarstjóri: Guðríður Arnadóttir bæjarfulltrúi.

2. Styrkjum byggðir landsins

Þriðjudag 20. janúar kl. 20.15 í Menntaskólanum, Borgarnesi

Frummælendur: Benedikt Jóhannesson ritstjóri Vísindisráðs, Árni Páll Árnason þingmaður, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökunum.

Fundarstjóri: Karl V. Matthíasson þingmaður.

3. Auðlindir sem þjóðareign

Miðvikudag 21. janúar kl. 17.00 á Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Frummælendur: Michael Köhler forstöðumaður skrifstofu Joe Borg framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála hjá framkvæmdastjórn ESB.

Fundarstjóri: Aðalsteinn Leifsson lektor.

4. Sjávarútvegur í þágu byggðanna

Föstudag 23. janúar kl. 17.00 á Hótel KEA, Akureyri

Frummælendur: Jón Baldvin Hannibalsson fyrrverandi utanríkisráðherra, Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ, Aðalsteinn Leifsson lektor, Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri.

Fundarstjóri: Kristján L. Möller samgönguráðherra.

5. Eflum sjálfstæði og fullveldi.

Mánudag 26. janúar kl. 20.00 á Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Frummælendur: Guðmundur Hálfðánarsson prófessor, Eiríkur Bergmann Einarsson dósent, Valgerður Bjarnadóttir varaþingmaður.

Fundarstjóri: Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektr Háskólans á Bifröst.

6. Evran – leið til jafnvægis og framfara

Þriðjudag 27. janúar kl. 20.00 í Tryggvaskála, Selfossi

Frummælendur: Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Gylfi Zoëga hagfræðingur, Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Magnús Árni Magnússon Evrópufræðingur.

Fundarstjóri: Katrín Júlíusdóttir þingmaður.

7. Framför í mannréttindamálum

Miðvikudag 28. janúar kl. 20.30 á Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Frummælendur: Elvira Mendoz Pinedo lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna.

Fundarstjóri: Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar.

8. Aukum áhrifamátt Íslands

Fimmtudag 29. janúar kl. 20.00 í Víkinni, Reykjanesbær

Frummælendur: Jón Baldvin Hannibalsson fyrrverandi utanríkisráðherra, Árni Páll Árnason þingmaður.

Fundarstjóri: Róbert Marshall aðstoðarmaður samgönguráðherra.

9. Efling í umhverfismálum

Laugardag 31. janúar kl. 11 á Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Frummælendur: Þórunn Sveinbjarnadóttir umhverfisráðherra, Helgi Hjörvar þingmaður, Trausti Baldursson líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.

Fundarstjóri: Mördur Árnason, varaþingmaður.

10. Lýðræði og sóknarfæri sveitarstjórna

Mánudag 2. febrúar kl. 20.00 í Samfylkingarhúsinu, Strandgötu 43, Hafnarfirði

Frummælendur: Gunnar Svavarsson þingmaður, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Krístrún Heimisdóttir aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Fundarstjóri: Gunnar Axel Axelsson formaður Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði.

11. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins

Þriðjudagur 3. febrúar kl. 12.00 á Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Frummælendur: Pekko Pesonen, framkvæmdastjóri Evrópsku bændasamtakanna

12. Ísland og Evrópusambandið – kostir og gallar aðildar

Fimmtudag 5. febrúar kl. 20.00 á Grand hótél, Reykjavík

Frummælendur: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar, Árni Páll Árnason þingmaður, Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri.

Fundarstjóri: Rannveig Guðmundsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar.

Tafllorð stjórnmalanna:

Opnari staða

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Uffe Elleman Jensen, fyrrum utanríkisráðherra Danmerkur, svaraði á dögum spurningum Boga Ágústssonar í einum af vönduðum þáttum hans. Sá hiklaus talsmaður Evrópusamvinnu vék þar að Íslandi og Evrópusambandinu. Heilræði hans var að taka ekki endanlega ákvörðun um aðild nema sannfæring hjartans byggir á baki.

Í þessu ljósi eru úrslit á þingi Framsóknarflokksins athyglisverð. Þar var samþykkt með afgerandi hætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Á sama tíma var kjörinn nýr ungur formaður sem verið hefur fremur reikandi í rásinni í þeirri afstöðu. Niðurstaðan vekur efasemdir um sannfæringu flokkshjartans.

Þrátt fyrir þetta og núverandi stærð Framsóknarflokksins verður að líta svo á að ákvarðanir þingsins í Evrópumálum og endurnýjun í forystu hafi opnað tiltölulega lokaða stöðu á tafllorði stjórnmalanna. Hvernig úr því teflist er ekki rakið. Reynslan ein sker þar úr.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki lokið endurmati á afstöðu sinni til Evrópusambandsins. Dómsmálaráðherra hefur haft óumdeilda forystu fyrir þeim sem andvígur eru aðild. Af yfirlýsingum hans má ráða að hann er nokkuð viss um að þeir sem fylgja honum að málum ráði niðurstöðu komandi landsfundar.

Að því gefnu að mat dómsmálaráðherra sé rétt blasa þrír ríkisstjórnarkostir við þegar kosið hefur verið að nýju síðar á þessu ári eða fyrri hluta þess næsta. Þeir kostir ráðast nokkuð af því hvort Samfylkingin breytir um stefnu og gerir aðildarumsókn að skilyrði fyrir ríkisstjórnarþátttöku.

Fari svo að Samfylkingin setji slíkt skilyrði er líklegast að kosið verði um hvort hún og Framsóknarflokkurinn fái meirihluta til stjórnarmyndunar eða VG og Sjálfstæðisflokkurinn. Eins og skoðanakannanir standa er líklegt að VG og Sjálfstæðisflokkurinn hefðu betur. Hagnýti Framsóknarflokksins nýja málefnaströðu sína gætu slíkar kosningar eigi að síður orðið tvísýnar.

Hinn kosturinn er að Samfylkingin setji aðildarumsókn ekki að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku og stjórnarmyndun að loknum næstu kosningum. Við þær aðstæður eru mestar líkur á að Samfylkingin og VG myndi næstu ríkisstjórn. Bakland Samfylkingarinnar horfir þangað. Það er því trúlegasta niðurstaðan. Evrópumálin fara þá væntanlega í nýjan biðleikjafarveg.

Fari endurmat Sjálfstæðisflokksins á annan veg en dómsmálaráðherra reiknar með, þannig að forystan fái umboð til að sækja um aðild, opnast tafllorðin enn meir. Í kjölfar þess væri unnt að mynda nýja breiðfylkingarríkisstjórn með núverandi stjórnarflokki, Framsóknarflokki og hluta Frjálslynda flokksins. Hún hefði það meginhlutverk að setja umsóknarferlið af stað og ákveða brýnustu ráðstafanir til skemmri tíma. Kosningar færu eftir sem áður fram síðar í ár eða fyrir mitt næsta ár.

Menn deila um hvort Evrópuumræðan á að hafa forgang fram yfir þær stóru og brýnu bráðaaðgerðir sem við blasa. Sannleikurinn er sá að stjórnmalin þurfa að gera hvort tveggja í senn að takast á við bráðavandann og leggja línur til lengri tíma. Þeir sem ekki geta glímt við tvö slík verkefni í einu hafa ekki ríkt erindi eins og aðstæður eru í íslenskum stjórnárum.

Vitaskuld geta ný framböð breytt þessari stöðumynd. Því fyrr sem kosningar verða er þó líklegt að áhrif þeirra verði minni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrikomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins

í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Barist um Hlíðarenda

Þó Þorinn sé ekki genginn í garð eru nokkrir Lionsklúbbar farnir að halda Þorablót. Lionsklúbbin Viðarr hélt sitt um síðustu helgi og þar var meðal annarra Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, og fyrrum þingmaður Framsóknarflokksins. Þurfti hann að sitja undir miklu framsóknarspaugi og var til dæmis gert grín að því að Lionsklúbburinn hefði óskað eftir því að halda Þorablótið í Valsheimilinu Hlíðarenda en það var bókað þar sem Framsóknarflokkurinn hélt flokksþing sitt þar. Haft var orð á því að flokkurinn væri orðinn svo lítill að búningsherbergin ættu að nægja.

Ungir og aldnir framsóknarmenn

En flokksþingið var stórt í sniðum og ekki vantaði stórtíðindin heldur. Þar mátti sjá Vilhjálm Hjálmarsson frá Mjóafirði, fyrrverandi þingmann Framsóknarflokksins og fyrrverandi ráðherra. Hann var 61 árs þegar nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,



fæddist. Þó að hinn nýbakaði formaður sé ekki nema 33 ára er hann ekki sá yngsti sem verður formaður stjórnmalaflokks því Ragnar Arnalds var kjörinn formaður Alþýðubandalagsins árið 1968 þá þrítugur.

Föngulegar konur í forystu

Gunnar Bragi Sveinsson sem hafði boðið sig fram sem ritara flokksins var herralegur og dró framboð sitt til baka með þeim orðum að hann vildi ekki standa í vegi fyrir því að fönguleg kona kæmist í stjórn flokksins. Kannski taka menn því full bókstaflega þegar rætt er um að flokkurinn hafi þurft andlitslýftingu.

jse@frettabladid.is

Ómissandi fólk

Valdastólar landsins geyma ómissandi fólk. Afgangurinn af þjóðinni er hins vegar missandi. Það má alveg segja upp starfsfólki á spítulum og skrifstofum, skólum og elliheimilum, arkitektastofum, bönkum, byggingafyrirtækjum, fjölmiðlum, frystihúsum... já öllum fyrirtækjum sem ekki geta lengur greitt laun vegna efnahagsstjórnar hins ómissandi fólks. Allar þessar vinnufúsu hendur sem af trúmennsku hafa haldið hjólum atvinnulífsins gangandi – þær mega nú hvíla verklausar í skauti. En á valdastólunum situr aftur á móti ómissandi fólk.

Það er nefnilega í björgunarleiðangri. Enginn getur bjargað annar en þetta ómissandi fólk því að það veit svo vel hvað fór úrskeiðis. Það var nefnilega á staðnum. Enginn veit betur hvaða mistök voru gerð, hvenær og hvernig: það var nefnilega á staðnum. Og verður áfram... áfram... áfram...

Yfirseðlabankastjórnin er ómissandi. Þessi maður sem gekkst fúslega við því allt fram á síðasta ár að vera helsti höfundur íslenska efnahagsundursins, enda forsætisráðherra og hálfgerður drotnari hér á landi árin þegar leikreglurnar voru samdar – eða öllu heldur numdar úr gildi – og keyrði í gegn reiðareksstefnu í efnahagsmálum en tapaði loks kosningum og ákvað þá að gerast Seðlabankastjóri frekar en til dæmis Hæstaréttardómari eða Biskup Íslands þrátt fyrir að hafa útbúið sér til handa stórfenglegustu eftirlaunaréttindi þjóðarleiðtoga á byggðu blóði síðan Bokassa var og hét. Árangur Seðlabankans við stjórn efnahagsmála er nú heimsfrægur. Og bankastjórnin ómissandi að eigin mati – og ríkisstjórnarinnar – vegna þess að enginn er hans jafni að eigin mati – og ríkisstjórnarinnar – í leiftrandi innsæi briddsnillings-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Valdamennt landsins

ins og skáldjófursins þegar kemur að því að taka ákvarðanir hratt og örugglega og án óþarfa samráðs við háskólablækur og misvitra útlendinga, eins og til að mynda þegar Glitnir var „tekinn niður“. Sem sagt: Ómissandi.

Rétt eins og yfirmaður Fjármálaeftirlitsins sem langaði virkilega til að líta eftir útrásarstarfsemi og stöðva ryksugustarfsemi þeirra í bönkunum sem þeir náðu á vald sitt og er núna tekinn að hallast eindregið að því hvort ekki kunni að vera ástæða til að velta alvarlega fyrir sér að huga að því hvort tímabært sé með eindregnum hætti að taka til gaumgæfilegrar skoðunar það sjónarmið að sú staða sé ef til vill í þann veginn að koma upp með einum eða öðrum hætti að það gæti verið umlymlegt sem benti til þess að vert væri að íhuga einhvers konar rannsókn á því að eitthvað kunni ef til vill að hafa farið úrskeiðis í einhverjum skilningi.

Sem sagt: Ómissandi. Það fyrsta sem útrásararnir gerðu þegar þeir komust inn í bankana var að losa sig við bankamennina. Það næsta sem þeir gerðu var að leggja af raunverulega banka-starfsemi og breyta bönkunum í „fjárfestingarbanka“ – það er að segja láta þá „fjárfesta“ í margslungnum leynifélögum sínum – það er að segja tæma þá. Og flytja ránsfenginn á einhverjar gullejgur með framandi nöfn. Ástand-

íð var eins og í Tinnabók: Dularfullir olíusjúkar með handklæði á hausnum og sólgleraugu sem dylja ískyggileg áform skjótandi upp kollinum og ásakanir um að rússneska mafan hafi stundað fjárböð í íslenskum bönkum. Við vitum að minnsta kosti þetta: íslensku viðskiptastráknarnir sköpuðu engin verðmæti heldur stálu þeim. Þeir voru eyðingarafli. Þeir voru síðblindir, þeir voru óhamdir – þeir voru glæpamenn. Og þeir Skapti og Skapti sem áttu að hafa hemil á þeim en létu það ógert – þeir sitja enn og reyna að átta sig. Ómissandi fólk.

Og forsætisráðherrann með skollaeyrunum sem hann skelti við öllum aðvörnum; sem sagði jafnan: nei nei, þetta er ekki svo alvarlegt, nei það getur ekki verið, nei hvaða vitleysa – hann er líka ómissandi fólk. Hann sem staðhæfði í ræðu sinni á Landsfundi Flokksins árið 2007: „Þau viðfangsefni sem við glímum nú við í efnahagsstjórninni hér á landi þætti flestum öðrum ríkjum öfundsverð...“ og hélt áfram með því að eigna Sjálfstæðismönnum þennan undursamlega árangur því þeir hefðu staðið fyrir „auknu viðskiptafrelsi“ (afnám eftirlits), „einkavæðingu ríkisfyrirtækja“ (bankar í hendur glæpamanna) og „skattalækkunum“ (á auðmenn)...

Það er nákvæmlega þessi hárbeytta skarpskyggni, þetta ískalda raunsæi, þetta snilldarlega stöðumat sem íslenska þjóðin þarf á að halda um þessar mundir. Stefna einkavæðingar, skattalækkunar og „viðskiptafrelsis“.

Sú stefna er auðvitað ómissandi. Eða svo hlýtur Samfylkingunni að finnast. Aðra skýringu er naumast að finna á því að hún heldur hlífiskildi yfir þessum valdamönnum – þessum vildarmönnum. Samfylkingin starfar eftir einni hugsjón:

Valdastólar landsins geyma ómissandi fólk.

Hátæknisjúkrahús

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um sjúkrahús

Hörð viðbrögð hafa víða komið vegna til-lagna heilbrigðisráðherra um hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Hlutverk hans við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í samfélaginu er ekki öfundsvert. Málaflokkurinn er mikilvægur og sterkar tilfinningar eru gagnvart sjúkrastofnunum.

Framtíðaráætlanir gera ráð fyrir að byggt verði hátæknisjúkrahús í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Um er að ræða einhverja dýrustu framkvæmd sem farið hefur verið í hérlandis. Á fjárlögum þessa árs er reiknað með 400 milljónum í undirbúningsvinnu vegna verkefnisins. Áætlaður byggingarkostnaður er á reiki en talað er um að hann verði ekki langt frá 100 milljónum króna. Þá er ótalinn mikill kostnaður vegna nauðsynlegra samgöngumannvirkja sem óhjákvæmilegt verður að byggja samhliða.

Ég hef alla tíð verið efins vegna þessarar stefnu og tilheyr þeim hópi sem hefur viljað skoða þá leið að efla og sérhæfa starfsemi stærri sjúkrahúsa á nokkrum stöðum á landinu þ.m.t. svokölluð kraga-



JÓN GUNNARSSON

sjúkrahús. Margur ávinningur er af þeirri leið og deildar meiningar eru um rekstrar-hagræði af einni stórrí stofnun sem tæki til sín stóran hluta verkefna og fjármagns. Efling minni sjúkrastofnana eflir lækniþjónustu í héraði, veitir persónulegri og skilvirkari þjónustu.

Einnig má rökstyðja að ákveðin samkeppni sem myndast milli stofnana auki líkur á betri nýtingu þess fjármagns sem þær hafa til ráðstöfunar. Í umræðum síðustu daga hafa fulltrúar sveitarfélaga, þar sem staðsettar eru sjúkrastofnanir, komið fram og lýst yfir áhuga á að taka yfir rekstur þeirra. Sú hugmynd er allrar athygli verð og kemur heim og saman við þá skoðun að nærhjúðusta við íbúana sé betur komin í höndum sveitarfélaga.

Breytingar í íslensku samfélagi kalla á endurmat þess hvert stefna skuli í málefnum sjúkrastofnana. Áður en margar þeirra hugmynda sem heilbrigðisráðherra hefur kynnt koma til framkvæmda þarf að endurmeta stöðuna. Á meðan er nauðsynlegt að fresta öllum ákvörðunum um að leggja í frekari framkvæmdir við hátæknisjúkrahús.

Höfundur er alþingismaður.



Grímsævintýri í Fjarðarkaupum

19. - 23. janúar

úr
fiskborði



Ostafylltar smábollar

1.038,kr./kg.

ÁÐUR 1.298,kr./kg.

20%
afsláttur

20%
afsláttur



úr
fiskborði

Plokkfiskur

878,kr./kg.

ÁÐUR 1.098,kr./kg.

20%
afsláttur



Gríms fiskibollar 550g

373,kr./pk.

ÁÐUR 498,kr./pk.

Gríms plokkfiskur 400g

440,kr./pk.

ÁÐUR 587,kr./pk.

Gríms fiskibuff

881,kr./kg

ÁÐUR 1.101,kr./kg

20%
afsláttur



Gríms humarsúpa 500ml

535,kr./dósín

ÁÐUR 669,kr./dósín

úr
fiskborði

Broccoli ýsa

878,kr./pk.

ÁÐUR 1.098,kr./pk.

20%
afsláttur



Fræið
FJARÐARKAUP

20%
afsláttur

Grænmetisbuff

fullleðuð vara, þarf aðeins að hita upp

NYTT



ÁN MSG



Grænmetisbuff 3 teg.

498,kr./pk.

ÁÐUR 624,kr./pk.



HUGMYNDASAMKEPPNI UM **ÆVINTÝRAGARÐ** Í MOSFELLSBÆ

Mosfellsbær efnir til hugmyndasamkeppni um hönnun á ævintýragarði fyrir alla fjölskylduna í Ullarnesbrekkum í Mosfellsbæ.



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆDNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Ævintýragarður óskast



Markmið hugmyndasamkeppninnar er að fá fram raunhæfar og spennandi tillögur um hönnun og innihald ævintýragarðs. Ævintýragarðurinn skal nýtast allri fjölskyldunni til fjölbreyttrar útvistar og ánægju allt árið um kring. Aðgangur að svæðinu skal vera öllum opinn og ókeypis. **Verðlaunafé nemur alls 4 milljónum króna.** Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust frá og með 19. janúar 2009 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands. Keppnislýsinguna er einnig að finna á vefsíðu Arkitektafélagsins, ai.is og vefsíðu Mosfellsbæjar, mos.is. Keppendur skrá sig til þátttöku á skrifstofu Arkitektafélags Íslands frá og með 19. janúar og fá þar með aðgang að öðrum keppnisgögnum gegn greiðslu endurkræfs skráningargjalds að upphæð kr. 10.000. Skilafrestur tillagna er 1. apríl 2009. www.aevintyragardur.is

LISTMÁLARINN PAUL CÉZANNE
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1839.

„Það sem er mest tælandi við listir er persónuleiki listamannsins sjálfs. Heimurinn skilur mig ekki og ég skil ekki heiminn. Þess vegna hef ég dregið mig út úr honum.“

Paul Cézanne var franskur listmálari sem segja má að hafi brúað bilið milli impressjónisma seint á 19. öld og kúbisma á fyrri hluta 20. aldar. Bæði Matisse og Picasso sögðu Cézanne vera „lærföður okkar allra“.



PETTA GERÐIST: 19. JANÚAR 1903

Tour de France komið á laggirnar

Fyrst var tilkynnt um hjólréiðakeppnina Tour de France þennan dag fyrir 106 árum. Hugmyndin kviknaði hjá Géo Lefèvre, blaðamanni franska tímaritsins L'Auto, og víðraði hann hugrenningar sínar við ritstjórnann Henri Desgrange í hádegispásu 20. nóvember 1902. Upphaflega átti keppnin að standa í fimm vikur, en hjólréiðamönnum hraus hugur við þeirri tilhugsun og aðeins fimmtán skráðu sig til keppni. Ákvað Desgrange þá að stytta keppnistímann niður í 19 daga og fór þá fjöldi þátttakenda upp í 60.

Í Tour de France er engin vegalengd undir 3.500 kílómetrum. Keppnin stendur yfirleitt yfir í 23 daga og er hjólað jafnt á sléttlendi sem og í erfiðu fjallandi. Mestan part fer keppnin fram á franskri grundu, en teygir anga sína til annarra landa innan Evrópu á hverju ári, oftast til Ítalíu, Spánu, Sviss, Þýskalands, Belgíu, Lúxemborgar, Bretlands og Hollands. Þátttakendur koma



í liðum frá öllum heimshlutum en til að mega keppa þarf það Frakka til keppinnar. Sams konar hjólréiðakeppnir eru haldnar á Ítalíu og Spáni en Tour de France er þeirra elst, virtust og þekktust. Frá því árið 1975 hefur keppninni lokið á Champs-Élysées í París. Tour de France er líkamlega erfiðasti íþróttaviðburður heims. Honum er líkt við maraþonhlaup nokkra daga í viku á þriggja vikna tímabili eða klífur á topp Everestfjalls þrisvar sinnum í lotu.

MERKISATBURÐIR

- 1840 Charles Wilkes uppgötvar heimsálfuna Suðurskautsland.
- 1903 Þýski togarinn Friedrich Albert strandar á Skeiðarársandi.
- 1955 Scrabble sett á markað.
- 1957 Kristján Eldjárn ver doktorsritgerð um kuml og haugfé í heiðnum síð.
- 1966 Indira Gandhi kosin þriðji forsætisráðherra Indlands.
- 1971 Helter Skelter, lag Bitlanna, er spilað í réttarhöldum yfir Charles Manson.
- 1992 Sykurmolarnir koma laginu Hit í 17. sæti breska vinsældalistans og jafna þar með níu ára met Mezzoforte.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI



ÓTTAR FELIX
HAUKSSON
athafnaskáld
er 59 ára.



HILMAR
ODDSSON
kvikmyndaleikstjóri er 52 ára.



EINAR ÞÓR
DANÍELSSON
knattspyrnu-
maður er 39 ára.



SIGURÐUR
RÚNAR
JÓNSSON
tónlistarmaður
er 59 ára.

Dagskrá Sauðfjársetursins

Sauðfjársetrið á Ströndum hefur birt atburðadagskrá sína fyrir árið 2009 á vefsíðu setursins www.strandir.is/sauðfjarsetur. Þar segir að dagskráin hafi aldrei verið víðameiri, bæði hvað varðar fjölda atburða og fjölbreytni.

Fátt eitt af því sem verður í boði á árinu er þriggja kvölda spilavist í febrúar og spurningakeppni Strandamanna sem verður í mars og apríl. Fyrstu helgina í júlí er stefnt á furðuleika en í lok ágúst verður haldið Íslandsmeistaramót í hrútaðómum. Á sama tíma verður vegleg bændahátíð og dansleikur í Félagsheimilinu á Hólmavík.

Auk þessa verður boðið upp á atburði sem tengjast útivist fyrir alla fjölskylduna.



Dagskrá Sauðfjársetursins á Ströndum hefur aldrei verið víðameiri. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Búlgaríufarar stofna félag

Stofnað var Félag íslenskra húseigenda í Búlgaríu 11. janúar síðastliðinn. Haldinn var stofnfundur í Hveragerði og mættu um þrjátíu manns á fundinn.

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum og áhugamálum íslenskra húseigenda í Búlgaríu sem og að efla samheldni þeirra. Félagið mun einnig stuðla að reglubundnum og sem hagstæðustum ferðum milli Íslands og Búlgaríu og mun koma fram fyrir hönd félagsmanna í samningum.

Hið nýja félag hefur nú stofnað samskipta- og upplýsingasíðu á netinu og er slóðin www.bulgaria.123.is. Formaður félagsins var kjörinn Anton Tómasson, en meðstjórnendur eru Hjalti Helgason, Anna Lilja Björnsdóttir, Michael Hassing,



Finna má ýmiss konar fasteignir til sölu víða í Búlgaríu. Nú þegar eiga þó nokkrir Íslendingar þar hús og hefur því verið stofnað Félag íslenskra húseigenda í Búlgaríu. MYND/DOBRO.IS

Guðjón Guðnason, Berglind Þorbergsdóttir og Þormóður Sigurðsson. Endurskoðandi var kjörinn Þórhallur Björnsson sem er löggiltur endurskoðandi.



85 ÁRA Í DAG Árni Tryggvason er enn kallaður Lilli af mörgum, síðan úr hlutverki Lilla klífurmusar í Dýrunum í Hálsaskógi, og kann því vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁRNI TRYGGVASON LEIKARI: TEKUR ÞVÍ RÓLEGA Á 85. AFMÆLISDEGI LÍFS SÍNS

Húllumhæ á 103. afmælinu

„Ég átti nokkur skemmtileg afmæli í Hrísey sem krakki. Þá bjó í næsta húsi amma besta vinar míns en við vorum miklir vinir, þótt hún væri sextíu árum eldri. Hennar afmæli var 18. janúar og mitt þann 19., en þá bakaði hún pönnukökur og ég mætti með þeyttan rjóma frá mömmu. Síðan vorum við bara tvö í afmælinu og ekkert voða mikið sagt, en þessum afmælisdögum gleymi ég aldrei; svo stórkostlegir voru þeir,“ segir afmælisdrengur dagsins, leikarinn ástsæli Árni Tryggvason sem í dag er eigandi Hamars, húss afmælisvinkonu sinnar í Hrísey, þar sem hann sjálfur ólst upp til nítján ára aldurs. „Hún var yndisleg manneskja og við alveg stórkostlegir vinir. Ég gæti því best trúað að hún passaði enn upp á húsið fyrir mig,“ segir Árni broshýr. Hann segist ekki muna eftir afmælisgjöfum bernskuáranna en fermingargjafirnar séu enn í fersku minni.

„Pabbi og mamma gáfu mér bindisnælu og ég fékk tíu krónur frá frænda mínum sem ég heiti í höfuðið á. Svo fékk ég hanska frá skólalastjóranum, sem var vinkona mömmu, en ég naut þess ekki í skólanum þar sem hún setti mig í skammarkrök til jafns við aðra,“ segir Árni og neitar að hafa verið til vandræða. „Ég var dálítið fjörugur og fyrirferðarmikill, því sennilega hefur blundað í mér leikaraskapur strax þá,“ segir Árni sem stefndi ungur á sjómennsku en var svo hálfpartinn rekinn út í leiklist. „Ég hafði verið inn- anbudáur í kaupfélaginu á Borgarfirði eystra sem ungur maður og tekið þátt í leiksýningum. Þá taldi kaupfélags-

stjórnin að ég yrði annaðhvort að fara í leiklist eða söng, og þegar ég kom í fyrsta sinn til Reykjavíkur hafði kaupfélagsstjórnin ráðið mig í Kjötubúð Tómasar á Laugavegi 2 og upp úr því hóf ég nám í leiklistarskóla Lárusar í þrjá vetur,“ segir Árni sem hefur leikið fyrir þjóðina í rúm sextíu ár, en alla daga síðan brúað bil yfir í sjómansdrauminn með trilluútgærdi í Hrísey, þar sem hann rær enn á fiskimiði yfir sumartímann.

„Við frúin höfum alla tíð róið út saman, en hún er eiturduglegur sjómaður og hefði sómt sér vel á togara þegar hún var yngri,“ segir Árni hlátur- mildur og sáttur við ævistarf sitt sem leikari, og hann leikur enn.

„Leiklist er fólki í blóð borin en svo er annarra að þroska þann hæfileika betur, eins og raunin var með mig. Það hefur alltaf komið mér jafn mikið á óvart að gera svo mikla lukku og ekki hef ég þurft að kvarta yfir leikdómum. Ég var vinsælastur fyrir Lilla klífur- mús og enn er það svoleiðis að sumir kalla mig Lilla, sem ég kann afskaplega vel,“ segir Árni létur í lund og staðfestir að helmingi erfiðara sé að leika fyrir börn en fullorðna. „Börn eru svo einlæg. Um leið og maður slakar á missa þau áhugann og fara að tala saman, meðan fullorðna fólkið þegir ef þeim líkar ekki. Börn þola enga tilslökun, enda má maður ekkert slaka á í leiklist, heldur þarf að gefa sig allan fram. Mér hefur stundum fundist ég hafa gert einmitt það, því ég er ein af þessum taugaveikluðu týpum, alltaf með sviðsskrekk fyrir

hverja sýningu, og þá vill oft og iðulega koma eitthvað gott úr því.“

Þegar Árni varð áttæður bauð hann til mikilla veisluhaldna á Hótel Sögu. „Ég ætla að taka það voða rólega núna því ég ætla aftur að halda stórveislu á níraðisafmælinu. Ég er við fína heilsu og finnst ágætt að verða 85 ára. Ég geri það sem mér sýnist og ef mig langar að hlaupa þá hleyp ég. Ég stunda sund á hverjum morgni og við hjónin förum mikið í gönguferðir, aðallega upp í Heiðmörk. Við erum afskaplega lifandi fólk og veltum aldrinum ekkert fyrir okkur; það geta bara aðrir gert,“ segir Árni sem hefur enga skýringu á hreysti sinni og lífsgleði. „Ég ét allt sem að kjafti kemur og finnst gaman að lifa. Spákona reiknaði út að ég yrði 103 ára gamall, en hún vissi að mamma náði 96 ára aldri og pabbi 92 ára. Þá sagði hún mig njóta mun betri fæðu en þau gerðu og ég sagðist þá bæði reykja og drekka; hvort það spilaði ekkert inn í? Nei nei, sagði hún, svo ég reikna með að hún sé sannspá og ég verði 103 ára. Þú getur svo rétt ímyndað þér húllumhæið ef ég næ þessum háa aldri!“ segir Árni og skellir upp úr. „Mér finnst það heillandi tilhugsun, ef ég verð áfram við góða heilsu, en kæri mig ekki um að verða svo gamall verði ég eitthvað utan við mig. Ég er hins vegar ekkert á þeim buxunum; mér líður svo þrýðilega vel. Það er langlífi í móður- og föðurættum mínum; þetta er yfirleitt smávaxið fólk en seigt, og nær alveg nógu langt niður þótt styttra sé í annan endann.“

thordis@frettabladid.is

HURÐARHÚNAR sem snúa upp á við geta verið sniðug lausn á heimilum þar sem eru lítil börn. Auðvelt er að losa húnana á heimilinu og snúa þeim upp á við en það getur gert þeim smávarnari erfiðara fyrir að opna dyr sem eiga að vera þeim lokaðar.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitavar

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Auglýsingasími
512 5473

ALLT



vísir.is
„Ég sá það á vísir“



Frank Hall við píanóið fagra en þögla, ásamt sonum sínum Þóri á þriðja ári og Degi á áttunda ári.

Píanó eilífrar vonarglætu

Árum saman ól tónlistarmaðurinn Frank Hall með sér draum um eigið píanó, þótt aðalhljóðfæri hans sé gítar. Draumurinn virtist ætla að rætast í fallegri Amsterdam, þótt tónarnir hafi sviðið og útlitið blekkt.

„Þetta er ónýtt píanó sem ég tími örugglega aldrei að henda,“ segir Frank um píanó sem fylgdi honum heim úr námi 2006. „Þá áttum við von á gámi fyrir föggur okkar og litum við í búð þar sem hægt er að finna fjársjóði. Fljótlega rak ég augun í þetta fallega píanó, en þegar ég prófaði að spila heyrðust bara drunur og skruðningar,“ segir Frank sem ákvað þó að skella sér á gripinn, enda ódýr og virtist mega lappa upp á. „Ég vissi að píanóið kæmist seint inn í íbúðina í

Amsterdam, en þar sem gámur var á leiðinni keypti ég píanóið. Síðar kom á daginn að bílstjóri skipafélagsins treysti sér ekki inn þrönga götuna og því þurfti ég að hlekkja píanóið við rennu yfir nótt,“ segir Frank sem þótti fullmikið fyrir píanóflutningum haft. „Alla nóttina gekk hjá alls kyns lýður sem stoppaði til að glamra á píanóið svo óþarft var að stilla vekjaraklukku á vaktinni yfir því. Mesti óttinn var þó að hann rigndi, eins og títt er undir hollenskum himni.“

Þegar heim til Íslands kom var píanóið dæmt ónýtt af píanóstill-ingarmanni. „Samt held ég enn í vonina og píanóið geymir eilífa vonarglætu um að hljóma einn daginn sem nýtt. Ég sá alltaf fyrir mér að sitja á síðkvöldum með kertaljós og spila á píanóið, en nú verð ég að láta mér nægja að sitja við það auðum höndum. Þetta er plássfrekur húsmunur en nýttist sem ansi góð hilla á meðan beðið er eftir að vonin ein rætist.“

thordis@frettabladid.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

ÚTSALA

Plastparket
frá 1.790 kr/m²

Þúsundir fermetra
af flísum með
20 -70% afslætti

Heimilisgólfdukar
20% afsláttur




ALFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

HEIMILI

PVOTTAGRIND sem hangir á vegg og hægt er að setja upp og fella niður eftir þörfum getur komið sér vel í litlu plássi. Þessi þvottagrind heitir Tvátta og fæst í Ikea á 5.290 krónur.



Gæða skór fyrir góða menn.
Úrval af herramokkasíum úr leðri, skinnfóðraðir og á vönduðum sóla.
Verð: 10.850.- 11.500.- 12.450.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 5447

ALLT

Ekki gömlukonutöskur

Innkaupatöskur á hjólum sem margir tengja við eldri konur hafa nú hlotið náð fyrir augum yngri kynslóðarinnar. Töskurnar henta vel til innkaupa enda má þá spara bílinn ef vegalengdirnar eru stuttar.

Pungir innkaupapokar geta reynt á bak þess sem ber þá. Sniðug lausn á því vandamáli eru svokallaðar innkaupatöskur á hjólum. Í samtali við nokkrar afgreiðsludómur kom í ljós að slíkar töskur eru að ná meiri vinsældum hjá yngri kynslóð en áður var.

„Við seljum nokkuð mikið af svona töskum og höfum haft þær til sölu í mörg ár,“ segir María G. Maríusdóttir hjá Drangey í Smáralind. Hún segir að þó að meirihluti þeirra sem kaupir töskurnar sé eldra fólk þá hafi það breyst undanfarið, sérstaklega hjá fólki sem býi í miðbænum. Þar sé erfitt að fá bílastæði og betra að rölta með töskuna út í búð.

„Einu sinni voru þessar töskur kallaðar gömlukonutöskur en það er löngu hætt,“ segir María og telur að fólki þyki hagræðing í töskunni jafnvel þótt ekki sé farið lengra en úr búðinni og út í bíl. „Þá er fullt af fólki sem sækir matvörubúðir með strætisvagni,“ segir María sem hefur séð þó nokkra með slíkar töskur í Smáralind.

Í Drangey er til sölu ein tegund af töskunum með ítösku merki. „Aðalatriðið er að undir töskunum séu nægilega sterk hjól því hér er misjöfn færð á götum úti,“ segir María og áætlað að um þrjú innkaupapokar rúmist í töskunni.

Gréta Oddsdóttir, hjá Tösku- og hanskabúðinni, er sammála því að aukinn áhugi sé hjá yngri fólki á



Yngri fólk hefur uppgötvað kosti innkaupataskna á hjólum sem hlífir baki og sparar bílinn. Taskan fæst í Tösku- og hanskabúðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

innkaupatöskunum. „Það er mikil eftirspurn eftir töskunum en yngri fólkið fór að sýna þeim aukinn áhuga fyrir eins og tveimur árum,“ segir Gréta og telur að töskurnar séu mest notaðar í matarinnkaupin enda hlífi þær vel bakinu. „Við erum með eina gerð í augnablikinu en hugsanlegt er að flutt verði inn ný týpa með vorinu,“ segir Gréta en í töskuna passa um tveir innkaupapokar.

„Við höfum verið með töskurnar

í sölu síðustu tuttugu árin,“ segir Helena Bergmann hjá Þorsteini Bergmann á Skólavörðustíg. Hún segir áhugann á töskunum hafa aukist mikið þegar Bónus opnaði á Hallveigarstíg. „Þá kom svaklegur kippur,“ segir Helena en töskurnar seldust upp í kjölfarið. „Fólk var rosalega feimið við þetta einu sinni og bara gamlar konur notuðu töskurnar,“ útskýrir Helena en segir það breytt í dag.

solveig@frettabladid.is

MaxMara MARINA RINALDI

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2009

Tungumál
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennir er í byrjenda - framhalds - og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

Verklegar greinar
Fristundamálan
Glerbrensla
Skrautritun

Saumanámskeið
Að endursauma fót og hanna að nýju
Crazy quilt
Fatasaumur / Barnafatasumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur- saumaður

Tölvunámskeið
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Tölvugrunnur II
Word
Excel

Matreiðslunámskeið
Gómsættir bauna - pasta - og grænmetisréttir
Gómsættir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn Grunnnámskeið
Matargerð fyrir karlmenn II Framhaldsnámskeið
Bökur
Fríðubökur

Garðyrkjunámskeið
Garðurinn allt árið
Trjáklippingar
Trjárækt í sumarbústaðalandinu

Förðunarnámskeið
Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

Innritun í síma 564 1507
á vef skólans [http:// kvoldskoli.kopavogur.is](http://kvoldskoli.kopavogur.is) eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund
Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans
<http:// kvoldskoli.kopavogur.is>

Hamraborg 11 **Catalina** S: 554-2166

Eldhúsið er opið alla daga
frá 11:00 – 21:00

Hádegismatur – hamborgarar. Veislumatur – kökur.

Catalina
Allir velkomnir

Þarftu að komast í gott nudd?

Við bjóðum 20% afslátt af öllum nuddmeðferðum á mánudögum og þriðjudögum í janúar.

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH
ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIDIR

Skiptu pottablóminu út fyrir rósagarð.

Skipholt 29A
105 Reykjavík

fax 530 6505
heimili@heimili.is

opið mánudaga
til föstudaga 9-17

sími 530 6500

Heimili er öflug og fersk fasteignasala í eigu þriggja löggilttra fasteignasala sem allir starfa hjá fyrirtækinu og hafa áralanga reynslu af fasteignaviðskiptum.

Við leggjum sérstaka áherslu á vönduð og traust vinnubrögð og úrvals þjónustu. Metnaður okkar er að allir viðskiptavinir finni heimili við sitt hæfi og verði sáttir og ánægðir með samskiptin við okkur.



fasteignir

19. JANÚAR 2009

Atvinnutækifæri fyrir rétta aðila



Til leigu rekstur á veitingasal í hjarta Hafnarfjarðar með öllum tilheyrandi borðbúnaði. Miklir möguleikar. **Uppl. í síma 898-3420.**



Aukin lofthæð er í allri íbúðinni og innfæld lýsing í loftum að stórum hluta.

MYND ÚR EINKASAFNI

Útsýni yfir Elliðavatn

Fasteignamarkaðurinn er með á skrá fjögurra herbergja, 123,9 fermetra íbúð á neðri hæð með séringgangi og verönd við Grandahvarf 2 í Kópavogi.

Lýsing: Komið er inn um séringgang í flísalagða forstofu með fataskápum. Þaðan liggur parketlagður gangur. Badherbergi er flísalagt, með innréttingum með granítborð-

plötu, baðkari, sturtuklefa með glerhurð, handklæðaofni og glugga. Barnaherbergi er parketlagt. Sömuleiðis hjónaherbergi sem er með fataskápum á heilum vegg.

Geymsla er flísalögð og með skápum. Þvottaherbergi er flísalagt, með vélum í vinnuhæð á vönduðum innréttingum og vinnuborð með vaski. Stofur eru stórar, bjartar og parketlagðar með útgangi á verönd til suðausturs. Eldhús, sem er opið inn í stofu,

er flísalagt, með hvítum sprautu-lökkuðum innréttingum með granítborðplötu, uppþvottavél sem er innfæld í innréttingu og eyju með góðum hirslum og granítborðplötu. Keramikhelluborð er í eyju og háfur yfir. Gott útsýni er í eyju og háfur yfir Elliðavatn, að Bláfjöllum og víðar. Aukin lofthæð er í allri íbúðinni, 2,75 metrar og innfæld lýsing í loftum að stórum hluta.

Húsið er nýlega byggt og hiti er í stéttum við húsið.



Finnbogi Hilmarsson • Einar Guðmundsson • Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

Til sölu

Sóltún - 2ja herbergja

75 fm íbúð á jarðhæð í álklaeddu lyftuhúsi. Íbúðin er rúmgóð björt og vel skipulögð. Vandaðar innréttingar og gólfefni.

V. 22,5 m. Áhv 18,5 m.



Gerplustræti - Lyftuhús í Helgafellslandi Mosfellsbæjar

24 vandaðar íbúðir. Húsið stendur á skjólgóðum stað og frá honum er mikið útsýni. Húsið er álklaett að utan sem tryggir lámarks viðhald. Öllu íbúðum fylgir staði í bílskýli ásamt 24 stæðum á bílplani fyrir utan húsið. Vönduð hönnun og vandaðar innréttingar, val á milli eik og hvítlakkaðar.

Öll skipti skoðuð!



Rauðamýri - raðhús

Nýtt vandað og fullbúið með gólfefnum 200 fm hús með innbyggðum 27 fm bílskúr.

V. 51,9 m. Áhv 24,0 m
Öll skipti skoðuð



Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali

Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

Fasteignablað Fréttablaðsins

Viðar Ingi Pétursson

s. 512 5426

vip@365.is

Hrannar Helgason

s. 512 5441

hrannar@365.is



Stóreign



Fremri í atvinnufasteignum

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lág múli 7 • 108 Rvk.





FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

EINBÝLISHÚS ÓSKAST VIÐ ÆGISÍÐU, SÖRLASKJÓL EÐA NÁGRENNI FYRIR FJÁRSTERKAN AÐILA.



TIL LEIGU

Glæsilegar skrifstofu-hæðir í Borgartúni 37

Um 3.200 fm skrifstofuhúsnæði til leigu í þessu vandaða húsi í Borgartúni. Húsnæðið leigist í heild sinni eða í einingum frá um 500 fm hver. Hluti húsnæðisins getur hentað undir verslun- eða þjónustu. Aðgangur að móttöku á götuhað auk mótuneytis. Allar lagnir fyrir tölvur og fjarskiptabúnað eru fyrir hendi og mögulegt að leigja allan tæknibúnað til skrifstofuhalds. Vel útbúin fundarherbergi. Afar vel staðsett eign við eina af fjölförmustu umferðaræðum í Reykjavík. Glæsilegt útsýni og næg bilastæði. Laust til afhendingar nú þegar.



Herjólfsgata-Hafnarfirði.

Glæsileg 131 fm 4ra herb. íbúð þ.m.t. sér geymsla í húsi eldri borgara. Tvennar svalir í suður og vestur, aðrar yfirbyggðar. Sér staði í bílageymslu og mjög gott aðgengi fyrir fatlaða. Verðlaunaóð. Frábær staðsetning niður við sjó. Verð 44,9 millj.



Lindargata- 2ja herb. eldri borgarar.

53 fm íbúð á 9. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi fyrir eldri borgara. Suðursvalir og sér geymsla í kjallara. Stórkostlegt útsýni. Aðeins tvær íbúðir á hæð. Öll þjónusta og félagsþjónusta í húsinu. Húsvörður. Laus strax. Verð 21,7 millj.



Grófarasmári-Kópavogi.

Glæsilegt 186,2 fm parhús á tveimur hæðum með 25 fm innb. bílskúr. Innréttingar eru vandaðar. Parket og kinversk skifa eru á gólfum. Aukin lofthæð er í stofum og eldhúsi. Stórar svalir til norðurs út af stofum. Stór og ræktuð lóð með stórru vernd til suðurs. Verð 53,9 millj.



Rekagrandi- 2ja herb.

Góð 52,7 fm íbúð á jarðhæð í vesturbænum. Rúmgóð og björt stofa með útgangi á timburpall með skjólveggjum í suðvestur. Sér geymsla og sameignin. Þvottaherbergi á hæð. Verð 17,9 millj.



Bæjartún-Kópavogi.

210,2 fm einbýlishús með akaíbúð og 32 fm bílskúr á þessum fallega stað við Fossvoginn. Í kjallara er studióíbúð með sérinngangi sem möguleiki er að stækka. Ræktuð lóð með timburpalli til suðurs. Stutt í skóla, íþróttasvæði og flesta þjón. Góð eign, laus til afh. strax. Verð 53,9 millj.



Grandahvarf- Kóp. Glæsileg 4ra herb. neðri hæð

123,9 fm 4ra herb. neðri hæð með sérinngangi og verönd. Íbúðin er hönnuð og innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Aukin lofthæð er í allri íbúðinni 2,75 metrar og innfelld lýsing í loftum að stórum hluta. Frábær staðsetn. við opið svæði. Mikil útsýni yfir Elliðaavatn og víðar.



Álfhólsvegur-Kóp. Neðri sérhæð.

Falleg og mikil endurnýjuð 134,2 fm 6 herb. neðri sérhæð í fjórbyli auk 23,8 fm sérstæðs bílskúrs. Nýjar innréttingar og tæki í eldhúsi, endurnýjað baðherbergi og ný gólfefni. Fallegt útsýni úr stofum yfir borgina til norðurs og til sjávar og útg. á suðursvalir. Verð 36,9 millj.



Flóakagata. 5 herb. m. bílskúr.

5 herb. 25,5 fm efri hæð auk 26,0 fm bílskúrs. Stórar og bjartar stofur, 3 herb. auk fataherb. og nýlega endurnýjað baðherb. Hús nýlega viðgert og málað að utan. Ræktuð lóð. Hiti í innkeyrslu og stéttum. Verð 39,9 millj.



Hörðaland. 4ra herb.

Glæsileg 84 fm íbúð á 2. hæð á þessum eftirsóttu stað í Fossvogi þ.m.t. sér geymsla í kj. Íbúðin er mikil endurnýjuð t.d. innrétting í eldhúsi, baðherbergi, gólfefni og innihurðir. Stórar svalir til suðurs. Verð 21,9 millj.



Kambasel.

195,6 fm raðhús á þremur hæðum auk 23,1 fm bílskúrs. Húsið er vel skipulagt og skiptist m.a. í 5 svefnherbergi, nýlega endurnýjað baðherbergi, stórar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús og sjónvarpshol í risi. Suðursvalir og stór verönd til suðurs. Hús nýlega málað að utan. Stutt í skóla og leikskóla. Verð 45,9 millj.



Kristnibraut-íbúð á efstu hæð með þakgarði.

141,9 íbúð á efstu hæð auk 15,0 fm sér geymslu í kj. og tveimur bílskúrum. Stórt eldhús með eyju og graniti á borðum, stórar stofur og 3 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Úr eldhúsi og stofu er útgangur á stóran þakgarð með frábæru útsýni yfir borgina og tengi fyrir heitum potti. Verð 47,9 millj.



Gláðheimar. 3ja - 4ra herb.

Falleg 79,7 fm útsýnisíbúð á efstu hæð. Íbúðin er mikil endurnýjuð m.a. innréttingar, gluggar og gler og rafmagns- og hitalagnir. Björt stofa /borðstofa, hjónaherb. með góðu skáaplássi og baðherb. með hornbakari. Stórar hellulagðar suðvestursvalir með markísu og góðri lýsingu. Verð 22,9 millj.



Austurberg- 4ra herb.

85,8 fm útsýnisíbúð á 4. hæð ásamt 17,9 fm bílskúr. Björt stofa með útgangi á suðursvalir, rúmgott eldhús og 2 góð herbergi. Stutt í skóla, íþróttasvæði og flesta þjónustu. Verð 19,9 millj.



Sóltún-4ra herb.

Glæsileg 126,5 fm íbúð á 5. hæð með tvennum svólum. Íbúðinni fylgir 15,8 fm stór sér geymsla í kjallara og staði í lokaðri bílageymslu. Stórar og bjartar stofur með útsýni að Esju og yfir borgina til austurs og 2 rúmgóð herbergi. Vandaðar innréttingar úr eik. Skjólögðar svalir til suðurs.



Bugðulækur- glæsileg 5 herbergja hæð

5 herb. 119,3 fm íbúð á efstu hæð í fjórbyli. Íbúðin er mikil endurnýjuð m.a. öll gólfefni, innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi, raflagnir og tafla o.fl. Rúmgóðar og bjartar stofur og 3 herbergi. Suðursvalir. Sér geymsla í kj. og geymsluris yfir allri íbúðinni. Verð 35,0 millj.



Hallakur-Garðabæ. 3ja herb.

Glæsileg og björt 113 fm íbúð á 1. hæð að meðt. 11,9 fm geymslu í nýlegu fjórbyli á Arnarneshæðinni. Svalir í há suður út af stofu. Eldhús og baðherbergi með fallegum eikarinnréttingum. Hiti í gólfu á baðherb. og þvottaherb. Sérinngangur af svólum. ATH. ÁHV. UM 26,0 MILLJ. Verð 27,5 millj.



Kambasel. 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 101,4 fm íbúð á jarðhæð, ekkert niðurgráfin og með sér garði á þessum rólega stað. Þvottaherbergi innan íbúðar. Laus til afh. strax. Verð 22,9 millj.



Galtalind-Kópavogi. 3ja herb.

97 fm endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og gluggum á þrjá vegu. Flísalagðar svalir til suðvesturs. Þvottaherb. innan íbúðar og sér geymsla í kjallara. Fallegt útsýni til vesturs úr stofu. Verð 25,9 millj.



Laugavegur.

64,8 fm íbúð á 2. hæð að meðt. 7,9 fm sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, opið eldhús með nýlegum innréttingum og útgangi á suðursvalir, bjarta stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtuklefa. Mikil lofthæð um 2,85 metrar og gíflistar í loftum. Verð 22,8 millj.



17. júní torg - Sjálandi Garðabæ. 50 ára og eldri.

Glæsilegt 66 íbúða fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar fólk 50 ára og eldri. Um er að ræða 2ja og 3ja herb. íbúðir frá um 74,0 fm upp í um 131,0 fm. Bilageymsla fylgir flestum íbúðum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litadri álklaðningu. Byggingarhöll er Byggingarfélag Gyfla og Gunnars. Teikn. og nánari uppl. á skrifstofu. ATH. ÍBÚÐIRNAR GETA EINNIG FENGIST TIL LEIGU.



Breiðavík- 3ja - 4ra herb. m bílskúr.

Góð 131 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu og 19,2 fm bílskúrs. Rúmgott eldhús með úrbyggðum gluggum, 2 rúmgóð herbergi, sjónvarpshol og stór stofa. Eikarparket og flísar á gólfum. Stutt í skóla. Verð 33,5 millj.



Nesvegur. 3ja herb. laus strax.

69 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Ný innrétting í eldhúsi. Björt stofa með stórum og gólfisíðum glugga. Útgengt í gróinn garð úr borðstofu. Verð 24,9 millj.



Tómasarhagi. 3ja - 4ra herb.

Björt og vel skipulögð 87 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á efstu hæð í fjórbylishúsi auk rislofts yfir hluta íbúðarinnar. Bjartar samliggjandi stofur og tvö herbergi. Suðvestursvalir út af stofum með útsýni til sjávar. Ljóst parket á gólfum. Verð 34,0 millj.



Grundarstígur- 2ja herb.

Útsýnisíbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í Þingholtunum. Endurnýjað baðherbergi og rúmgóð og björt stofa. Verð 17,5 millj.



Langalína- Sjálandi Garðabæ. Nýjar íbúðir.

Glæsilegar 2ja - 6 herb. íbúðir sem eru frá 82 fm upp í 182 fm. Vandaðar sérsníðaðar innréttingar frá Brúnás. Sólþekkir og borðplötur úr granit. Hitakerfi í gólfum. Staði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Byggingarhöll er Byggingarfélag Gyfla og Gunnars hf. Teikn. og nánari uppl. á skrifstofu.



Þórðarsveigur-2ja herb. laus strax.

62,5 fm útsýnisíbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi í Grafarholti. Þvottaherbergi innan íbúðar. GÓÐ ÚTSÝNISÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ MEÐ ALLA HELSTU ÞJÓNUSTU, SKÓLA OG NÁTTÚRUNA Í NÆSTA NÁGRENNI. ÁHV. LÁN FRÁ ÍLS UPP Á 13. MILLJ. Verð 16,8 millj.



Strikið-Sjálandi Gbæ. 2ja herb. 60 ára og eldri.

84 fm íbúð á 3. hæð að meðt. sér geymslu í kj. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Suðursvalir. Innangengt í þjónustusel og félagsmiðstöð. Verð 26,0 millj. ATH. ÍBÚÐIN GETUR FENGIST TIL LEIGU. LAUS STRAX.



Fiskislóð - skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu glæsilegt um 50 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Húsnæðið skiptist í fundarherbergi, 2 skrifstofur, sameiginlega kaffiástoðu og salerni. LAUS STRAX.



Sjðumúli - skrifstofuhæð til leigu

Til leigu 332,4 fm skrifstofuhæð á 3. hæð auk 68,9 fm milli lofti. Möguleiki að leigja í smærri einingum. Gluggar á öllum hlöðum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Næg bilastæði. Leigist með eða án húsgagna.

TIL SÖLU EÐA LEIGU



Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali



Einar Páll Kjarnestad
lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidun.is

Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is



Brökkusmári - Glæsilegt útsýni V. 58,5 m.



Vel staðsett 208 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Glæsilegt útsýni er úr húsinu. Húsið skiptist þannig: 1. hæð er m.a. forstofa, baðherbergi, innra hol, baðherbergi, eldhús, stórar stofur auk bílskúrs. Á jarðhæð hæð er hol 3 herbergi, baðherbergi, þvottahús, geymsla o.fl. Lóðin er fullfráengin, hellulögð aðkoma og til suðurs er timburvernd með skjólveggjum en með vestrhliðin er önnur vernd.

Hagarnelur - virðulegt hús V. 42,0 m. Nr. 4448



Í þessu glæsilega og virðulega húsi, sem var teiknað af Halldóri H. Jónssyni arkitekt er til sölu vegleg hæð sem er á tveimum. Samtals eru 6 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Íbúðin þarfnast standsetningar að öllu leyti. Einstakt tækifæri til þess að eignast stóra hæð í einu af virðulegustu húsum vesturbæjar

Hólmgarður - góð eign V. 22,5 m. Nr. 4436



95,2 fm íbúð á efri hæð með sérinnangi í fjórþýlishúsi. Íbúðin skiptist í sameiginlegt þvottaherbergi í kjallara, lítið forstofuherbergi, barnaherbergi, eldhús með borðkrók, baðherbergi, hjónaherbergi, stofu og ris sem er yfir allri íbúðinni - möguleiki á að lyfta þaki.

Fossvogur - á tveimur hæðum V. 75,0 m. Nr. 4429



Glæsilegt 218,8 fm raðhús í sérflökki neðan götu í Fossvoginum. Húsið er á tveimur hæðum og nánast allt endurnýjað. Loft á efri hæðinni er nýtt og með innfelldri lýsingu. Allar innréttingar eru sérsníðaðar og vinnu-borð úr graniti. Á gólfum er hlýmur eða mustanglíslar. Allar hurðir eru nýjar. Eldhús er nýtt sem og baðherbergi. Þakjárn og rennur voru endurnýjaðar síðasta sumar. Garðurinn er nýlega standsettur m. eyju og heitum potti o.fl. Hiti er stétt fyrir framan húsið.

Til leigu

- Miðtún - risibúð 2 svefnherbergi. Laus strax. Verð: 100 þús
- Miðtún - miðhæð 2 svefnherbergi og 2 stofur. Laus strax. Verð: 140 þús
- Vesturberg - einþýlishús 5 svefnherbergi og 3 stofur. Bílskúr. Laus strax. Verð: 180 þús
- Klappahlíð - fyrir 50 ára og eldri 1 svefnherbergi. Bilageymsla. Laus strax. Verð: 110 þús með öllu.
- Garðafliot - einþýli 4 svefnherbergi. Glæsilega endurnýjað. Bílskúr. Laus strax. Verð: 190 þús.
- Bröndukvísl - einþýli 4 svefnherbergi. Glæsilega endurnýjað. Bílskúr. Laus strax. Verð: 200 þús.
- Háteigsvegur - hæð 2 svefnherbergi, 2 stofur. Glæsilega endurnýjað. Laus strax. Verð: 170 þús.
- Borgartún - 2. hæð 310 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Leiguverð 1200-1400 pr. fm. 4380
- Borgartún 1.585 fm skrifstofuhúsnæði. Hægt að leigja í minni einingum. Leiguverð 1300-1400 pr. fm. 4379
- Höfðatorg 600 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð í nýju húsi. Leigutílbúð. 4400
- Skúlatún 2 skrifstofurými á 3ju og 4 hæð sem eru hvort um sig 170 fm. Leiguverð 1400-1500 pr. fm. 4377
- Hverfisgata - heil húseign 370 fm einþýlishús sem er sem hefur verið nýtt sem skrifstofuhúsnæði. Leiguverð 1400 pr. fm. 4382
- Síðumúli - endurnýjað 372 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, hægt að leigja í þremur hlutum. Leiguverð 1400-1450 pr. fm. 4419
- Kringlan - hús verslunarinnar Á jarðhæð 226 fm verslunar- og eða skrifstofuhúsnæði. Leiguverð 1400 pr. fm. 4416
- Skipholt - lyfta 338 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð - lyfta. Leiguverð 1500 pr. fm eða tilboð. 4407

Nýbyggingar



Kleifakór - lækkað verð! Vorum að fá í sölu um 310 fm tvílyft einþýlishús sem er með útsýni aldeilis fráberu útsýni, frá Bjálfjöllum og til allrar Esjunnar. Húsið er með tvöföldum bílskúr, stofum og 3-5 svefnherbergjum. Húsið er til afhendingar nú þegar og selst frágengið að utan (steinað) en fókheilt að innan. **Leigutílbúð og hlífur vel tilboð V. 55 m. 7259**

Atvinnuhúsnæði



Súðavogur - til sölu eða leigu Skrifstofu-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði (ósampykkt) á jarðhæð. Um er að ræða tvö bíl, 100 fm og 129 fm samtals 229 fm. Áhv. 23 millj. V. 379 m. 4441

2ja herbergja



Vindás - með bilageymslu Mjög góð 58 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölþýli, ásamt staði í lokaðri bilageymslu. Húsið er klætt að utan með viðhaldslitli klæðningu. Sér geymsla með hillum á jarðhæð. V. 16,8 m. 4447



Ljósheimar - 8. hæð Mjög góð og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 8. hæð í þessu góða lyftuhúsi, húsið er allt klætt að utan með viðhaldslitli klæðningu, hiti er í stétt fyrir framan hús. Frábært útsýni V. 15,9 m. 4327

3ja herbergja



Reiðvað 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með sér innangi af svölum í velstaðsettu fjölþýlishúsi á glæsilegum útsýnisstað í Norðlingaholti, rétt austan Elliövatns, ásamt sér bílastæði í uppþitaðri bilageymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í stofu, 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og sérþvottahús. Íbúðin er laus strax. V. 18,9 m. 4406



Skógarás - 3ja herbergja Falleg 93,7 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 25,4 fm bílskúr við Skógarás í Reykjavík. Íbúðin er staðsett í 3ja hæða fjölþýlishúsi. Stutt er í skóla og verslanir. Íbúðin er laus til afhendingar. V. 26,9 m. 4348



1-0 Benni McCarthy(61.), 2-0 Jason Roberts(66.), 3-0 Jason Roberts (86.).	
Bolton-Man. Utd	0-1
0-1 Dimitar Berbatov (90.).	
Chelsea-Stoke	2-1
0-1 Rory Delap (60.), 1-1 Luciano Belletti (88.), 2-1 Frank Lampard (90.+4.).	
Man. City-Wigan	1-0
1-0 Pablo Zabaleta (53.).	
Sunderland-Aston Villa	1-2
1-0 Danny Collins (11.), 1-1 James Milner (60.), 1-2 Gareth Barry (80.).	
WBA-Middlesbrough	3-0
1-0 Chris Brunt (4.), 2-0 Robert Koren (54.), 3-0 Robert Koren(67.).	
Hull-Arsenal	1-3
0-1 Emmanuel Adebayor (30.), 1-1 Daniel Cousin (65.), 1-2 Samir Nasri (82.), 1-3 Nicklas Bendtner (86.).	

STAÐAN Í DEILDINN

Man. Utd	21	14	5	2	34-10	47
Liverpool	21	13	7	1	35-13	46
Chelsea	22	13	6	3	42-13	45
Aston Villa	22	13	5	4	37-24	44
Arsenal	22	12	5	5	37-24	41
Everton	21	10	5	6	29-25	35
Wigan	22	9	4	9	25-23	31
West Ham	22	8	5	9	29-31	29
Hull City	22	7	6	9	29-42	27
Fulham	20	6	8	6	19-17	26
Man. City	21	7	4	10	39-30	25
Portsmouth	21	6	6	9	22-34	24
Bolton	22	7	2	13	22-30	23
Newcastle	22	5	8	9	28-37	23
Sunderland	22	6	5	11	23-32	23
Tottenham	22	5	6	11	21-27	21
Blackburn	21	5	6	10	25-36	21
M'brough	22	5	6	11	18-33	21
Stoke City	22	5	6	11	19-35	21
WBA	22	6	3	13	20-37	21

Spænska úrvalsdeildin

Real Madrid-Osasuna	3-1
0-1 J. Nekounam (19.), 1-1 S. Ramos (50.), 2-1 G. Higuain (64.), 3-1 A. Robben (90.).	

Ítalska úrvalsdeildin

Atalanta-Inter	3-1
1-0 S. Floccari (18.), 2-0 C. Doni(28.), 3-0 C. Doni (33.), 3-1 Z. Ibrahimovic (90.).	
Torino-Roma	0-1
0-1 J. Baptista (90.).	
Lazio-Juventus	1-1
1-0 C. Ledesma (24.), 1-1 O. Melberg (29.).	

United á kunnulegum slóðum

Englandsmeistarar Manchester United skutust á topp deildarinnar með sigri gegn Bolton um helgina. Chelsea, Aston Villa og Arsenal unnu einnig sína leiki.

FÓTBOLTI Það vantaði ekki dramatíkuna hjá toppbaráttufélögum um helgina þar sem bæði Manchester United og Chelsea björguðu þremur stigum með mörkum í blálok leikja sinna.

Framherjinn Dimitar Berbatov reyndist bjargvættur Manchester United þegar hann skallaði boltann í markið á 90. mínútu eftir fyrirgjöf frá Carlos Tevez gegn Grétar Rafni Steinssyni og félagum í Bolton, en það reyndist eina mark leiksins. United hélt þar með að marki sínu hreinu í tíunda deildarleiknum í röð og skaut með sigrinum í toppsæti deildarinnar í fyrsta skiptið á tímabilinu.

„Það skiptir ekki sköpum að vera á toppnum á þessum tímapunkti á tímabilinu en auðvitað er þetta staðurinn sem best er að vera á. Við höfum verið í eltingar-leik við hin félögin í toppbaráttunni þar sem við höfum átt leiki til góða og við eigum enn einn leik á hin félögin. Aðeins eftir þann leik sjáum við betur hvar við stöndum gegn Liverpool og Chelsea. Annars fannst mér við spila mjög vel því Bolton er alltaf erfitt að eiga við,“ sagði ánægður Sir Alex Ferguson í leikslök.

Lampard bjargaði Scolari

Það blés lengi vel ekki byrlega fyrir Luis Felipe Scolari og Chelsea á heimavelli gegn Stoke þar sem flest benti til þess að mark Rory Delap eftir klukkutíma leik myndi duga til sigurs. Menn voru farnir að sjá fyrir sér fyrirsgagnirnar um uppsögn Scolari þegar varamaðurinn Juliano Belletti jafnaði metin á 88. mínútu með skalla og svo var það enginn annar en Frank Lampard sem skoraði sigurmarkið á fjórðu mínútu upp-bótartíma.

Chelsea slapp með skrekkinn og Scolari fær án vafa lengri tíma



SIGURÖSKUR Dimitar Berbatov fagnar hér sigurmarki sínu gegn Bolton ásamt Carlos Tevez en United skaut með sigrinum á topp deildarinnar í fyrsta skipti á tímabilinu.

NORDIC PHOTOS/GETTY

til þess að vinna sig út úr erfiðum málum. Didier Drogha var sem fyrr ekki í leikmannahópi Chelsea og nú er talið næsta víst að hann færi sig um set í félagaskiptaglugganum.

„Það sem þú þarft mun Lampard gefa þér. Áður var mikil pressa á mér en nú er hún ekki lengur til staðar,“ sagði þakklátur Scolari í leikslök.

Leikmenn Aston Villa sýndu enn og aftur úr hverju þeir eru gerðir þegar þeir komu til baka eftir að hafa lent undir gegn Sunderland á útivelli og unnu 1-2 sigur með mörkum James Milner og Gareths Barry. Aston Villa hélt því

fjórða sætinu en Arsenal fylgir fast á eftir.

Arsenal vann góðan 1-3 sigur á Hull og náði þar með að hefna ófaranna frá því þegar nýliðarnir tóku óvænt öll stig á Emirates-leikvanginum fyrir í vetur. Robin van Persie var allt í öllu hjá Arsenal en hann lagði upp öll þrjú mörk gestanna á KC-leikvanginum.

Baráttan um Bítlaborgina

Liverpool getur endurheimt toppsætið í kvöld þegar Everton heim-sækir Anfield en bláa félagið í Liverpool-borg hefur aðeins unnið tvo af síðustu átján leikjum félagsanna.

omar@frettabladid.is



LEIKSTJÓRNANDI Moneka Knight var stoðsendingahæst hjá TCU í fyrra.

Nýr Bandaríkjamaður Hauka: Kemur frá TCU til Haukanna

KÖRFUBOLTI Topplið Hauka í Iceland Express-deild kvenna hefur styrkt lið sitt með bandaríska bakverðinum Moneku Knight.

Knight lék síðustu fjögur tímabil með TCU-skólanum og var að útskrifast nú um jólin. Knight var leikstjórnandi TCU-liðsins í fyrra og lék þá við hlið Helenu Sværisdóttir. Knight var þá með 6,1 stig, 3,0 stoðsendingar og 1,7 stolna bolta að meðaltali á 25,5 mínútum.

Knight er 173 cm á hæð og þykir vera mjög góður varnarmaður. Knight mun væntanlega spila sinn fyrsta leik með Haukum á móti Hamari í Hveragerði á miðvikudaginn.

- óþ

Óvissa með Craig Bellamy:

Líklega á förum til Man. City

FÓTBOLTI Athygli vakti að framherjinn Craig Bellamy hjá West Ham var ekki í leikmannahópi félagsins í 3-1 sigri gegn Fulham í grannaslag á Upton Park í gær og útlit er nú fyrir að hann hafi leikið sinn síðasta leik fyrir Íslendingafélagið.

Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að West Ham væri að skoða 14 milljóna punda kauptilboð í Bellamy frá Man. City.

- óþ

ÚRSLIT

Iceland Express deild karla

KR-Breiðablik	101-68 (51-39)
Stig KR: Jason Dourisseau 27, Jakob Ö. Sigurðars. 16, Darrí Hilmar. 13, Ólafur Ægis. 10, Pálmi Sigurgeirs. 8, Skarphéðinn Ingas. 8, Fannar Ólaf. 7, Hjalti Kristins. 6, Guðmundur Magnús. 2, Ellert Arnars. 2, Baldur Ólaf. 2.	
Stig Breiðabliks: Nemanja Sovic 21, Þorsteinn Gunnlaugs. 14, Daniel Guðmunds. 13, Halldór Halldórs. 5, Kristján Sigurðs. 4, Rúnar Pálmars. 4, Emil Jóhanns. 4, Rúnar Erlings. 3.	
Tindastóll-Grindavík	68-94 (35-46)
Stig Tindastóls: Darrell Flake 17, Svavar Birgis. 15, Helgi Viggós. 12, Ísak Einars. 10, Óli Reynis. 6, Axel Káras. 5, Hreinn Birgis. 3.	
Stig Grindavíkur: Páll A. Vilbergs. 19, Þorleifur Ólaf. 16, Brenton Birmingham 15, Nick Bradford 13, Helgi J. Guðfinns. 10, Björn Brynjólfs. 6, Páll Kristins. 5, Davíð Hermanns. 4, Arnar F. Jóns. 3, Guðlaugur Eyjólf. 3.	
Njarðvík-Stjarnan	90-76 (35-41)
Stig Njarðvíkur: Logi Gunnars. 23, Magnús P. Gunnars. 18, Friðrik Stefáns. 17, Hjörtur Einars. 10, Valur Vals. 8, Grétar Garðars. 7, Hilmar Hafsteins. 7.	
Stig Stjórnunnar: Jovan Zdravevski 22, Justin Shouse 21, Fannar Helgas. 12, Kjartan Kjartans. 11, Hjörleifur Sumarliðas. 4, Guðjón Lárus. 4, Ólafur Sigurðs. 2.	

Leikið var í Iceland Express-deild karla í gærkvöld:

Fyrsta tapið hjá Teiti

KÖRFUBOLTI Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi þar sem KR, Grindavík og Njarðvík fóru með sigur af hólmi.

Njarðvík varð í gær fyrsta liðið til þess að leggja Stjórnuna að velli síðan Teitur Örylgsson tók við stjórnartauum í Gardabænum en Teitur þjálfaði sem kunnugt er Njarðvík í fyrra. Lokatölur urðu 90-76 í Ljónagryfjunni í Njarðvík og var Logi Gunnarsson atkvæðamestur hjá heimamönnum með 23 stig.

KR átti ekki í neinum vandræðum með Breiðablik í DHL-höllinni í gær og vann 101-68 en Vesturbæjarliðið lék án

landslíðsmannanna Jóns Arnórs Stefánssonar og Helga Más Magnússonar. Jason Dourisseau var stigahæstur hjá KR með 27 stig.

Þá vann Grindavík öruggan 68-94 sigur gegn Tindastóli á Sauðárkróki þar sem Páll Axel Vilbergs var stigahæstur hjá gestunum með 19 stig. Nick Bradford, sem spilar nú fyrir framlengingu á tveggja vikna samningi sínum við Grindavík, skoraði 13 stig.

- óþ

TEITUR Varð að játa sig sigraðan gegn sínum gömlu lærisveinum í Njarðvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Arsenal Fulham

27. feb.- 1. mars

Hópfæri Arsenal-klúbbsins

Verð á mann í tvíþýli fyrir meðlimi Arsenal-klúbbsins:

59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótelliging með morgunverði í 2 nætur, rúta og íslensk fararstjórn.

TILBOÐ!

Man. Utd. Everton

1. - 4. febrúar

Verð á mann:

39.900 kr.

Innifalið: Flug og skattar með öðrum greiðslum og miði á leik.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



ALLTAF BETRA VERÐ



ASUS PRO50GL-AP023C

- 2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz minni
- 250GB harður diskur
- DVD±RW skrifari
- 15.4" LCD Glare skjár
- Geforce 8200M skjákort
- Hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Gigabit 10/100/1000 netkort
- Li-ion rafhlaða
- Vista Premium stýrikerfi

139.990



LOGITECH TRAVELER

Hliðartaska með fullt af auka hölfum og flottri fartölvumús

7.990



MSI ATI RADEON R4670

512MB GDDR3 PCI-Ex skjákort öflugasta kortið fyrir peninginn í dag

17.990



PLANET NAS ÞJÓN

Fullkominn skráarþjónn, Torrent, FTP, HTTP, iTunes, Print server o.fl

14.990



8GB CORSAIR MINI

8GB lítill minnislykill sem er aðeins 2.5cm á lengd

6.990



640GB HARÐUR DISKUR

640GB SATA2 16MB Green-power harður diskur

14.990



1TB WD

WD ELEMENTS FLAKKARI

Nýr og flottur grár 1TB flakkari frá Western Digital, USB 2.0 tengi tryggir háhraða gagnaflutning. Ekkert vesen, þetta er frábær flakkari á betra verði sem kemur tilbúinn til notkunar

24.990



HP DESKJET F4280

Frábær heimilisprentari sem einnig skannar og ljósritar

17.990



MP-303 MARGMIÐLUNARSPILARI

Tengdu spilarann beint við sjónvarpið og horfðu á kvikmyndir, ljósmyndir og hlustaðu á tónlist. Spilar MPEG, AVI, VOB, ISO, DivX, XviD, WMA, WAV, MP3, AC3, OGG Vorbis og JPG. Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari. Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

19.990

TÖLVU LISTINN TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1760

> William Petersen

„Ég er uppreisnarseggur í eðli mínu. Ekki þannig að ég brjóti lög heldur af því að ég vel frekar það sem ögrar mér heldur en það sem er auðvelt.“ Peterson fer með hlutverk Gils Grissom í þáttunum CSI en í kvöld hefst niunda þáttaröðin á Skjáeinum.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR ÞRSTARSON ER EKKI ALLS SÁTTUR VIÐ AUÐLINDINA

Afsökun til að troða inn auglýsingum?

Mikill gleðiauki var þegar það fréttist að RÚV tæki Auðlindina aftur á dagskrá, í ljósi góðærisloka. Þátturinn sá endurvekur gamla tíma, þegar lífið var saltfiskur og allt það. Þetta þótti mér fallett af útvarpsstjóra að taka svona rækilega afstöðu með gömlu góðu atvinnuvegunum, þegar hitt var farið fjandans til. Þetta var yfirlýsing um að RÚV stæði með hinni raunverulegu þjóð. En öllu má ofgera. Þátturinn tekur fimm til sjö mínútur í kvöldfréttum.

Lítið er talað um grundvallarmál þeirrar auðlindar sem mestu skiptir í þættinum, svo sem um réttmæti kvótakerfisins. Þetta er frekar annálaþáttur fyrir sjómenn og bændur. Hvað seldist mikið af hrossakjöti í desember og hvað segir einhver sveitarstjórni á Ströndum um komandi vertíð og hvað fiskuðu þeir mikið á þessum bátum eða hinum og svo framvegis. Botnfiskur. Þetta eru ekki hlutir sem brenna á almenningsi. Af hverju heyrst ekkert um jarðhita og vatnsafl? Steinninn tók úr þegar Auðlindin fjallaði um það í síðustu viku að búið væri að leggja ljósleiðara í öll heimili í

Arnarneshreppi! Hvaða auðlind kemur að því framfaraskrefi? Gleði-fréttir af landsbyggð eru alltaf kærkomnar, en þetta er Auðlindin, ekki Landsbyggðarhornið.

Kannski stóð alltaf til að misnota þessa auðlind. Miðað við þá dagskrá sem birt er á rúv.is, er gert ráð fyrir því að tilkoma þáttarinn verði til þess að slíta fréttatímamann í sundur og auglýsingar verði settar inn kl. 18.15. Svo komi Auðlindin, þvínaest fréttayfirlit og veður, svo aftur auglýsingar klukkan 18.25 og þá loks kemur hinn sígildi Spegill, þegar fréttayfirlit eru búnir að skipta yfir á Bylgjuna til að heyra fréttir.



Ég veit ekki til þess að enn hafi verið auglýst í þessum slottum en tækin eru til reiðu. Það væri nú ansi ósmekklegt að troða tveimur auglýsingatímum inn í kvöldfréttir ríkisrekens útvarps og má þakka minnkandi spurn eftir auglýsingaplássu að þetta er enn ekki orðið að veruleika. Ætli auglýsingarnar hafi nokkuð haft með það að gera að þessi illa skilgreindi þáttur var settur aftur á dagskrá?

MÁNUDAGUR



► 19.10 Kompás STÖÐ 2



► 19.50 Liverpool - Everton beint, STÖÐ 2 SPORT 2



► 20.10 Comanche Moon SKJÁREINN



► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) SJÓNVARPIÐ



► 22.00 Réttur STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.15 Reykjavíkurleikamir (e)
16.00 Fréttaukinn (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknafréttir
17.30 HM í handbolta (Sviþjóð - Spánn) Bein útsending frá leik Svía og Spánverja á HM karla í handbolta sem fram fer í Króatíu.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.25 Barnaþrællun (Child Slavery) (1:2) Nær tvær aldir eru síðan þrælahald var bannað í flestum löndum heims. Engu að síður lifa um 14 milljónir barna í ánaud, fleiri en nokkru sinni fyrir, og er þrælað út í grjótnámum, á plantekrum og í kynlífsþjónustu meðal annars. Í þessari bresku heimildarmynd, sem er í tveimur hlutum, er sögð saga sex þrælabarna í fimm heimsálfum.

► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (15:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir

22.20 Bráðavaktin (ER) (2:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. (e)

23.05 Spaugstofan (e)

23.35 Kastljós (e)

00.15 Lög in í Söngvakeppninni (2:4)

00.25 Dagskrárlök

BIÓ

08.00 Raise Your Voice

10.00 How the Grinch Stole Christmas

12.00 The Devil Wears Prada

14.00 Raise Your Voice

16.00 How the Grinch Stole

18.00 The Devil Wears Prada Andrea flyst til New York og fær vinnu sem aðstoðarstúlka hinnar veraldarvönu Miröndu. Aðalhlutverk Meryl Streep og Anne Hathaway.

20.00 Stealth

22.00 Four Brothers

00.00 Kiss Kiss Bang Bang

02.00 The Football Factory

04.00 Four Brothers

06.00 Last Holiday

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlamir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (233:300)

10.15 Beauty and The Geek (12:13)

11.15 Extreme Makeover. Home Edition (2:25)

12.00 Project Runway (12:15)

12.45 Neighbours

13.10 The Sisterhood of the Traveling Pants

15.05 ET Weekend

15.50 BeyBlade

16.13 Galdrastelpurnar

16.38 Leðurblökumaðurinn

16.58 Lalli

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Neighbours

17.58 Friends (7:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.05 Veður

► 19.10 Kompás Kompás heldur áfram að fjalla á beinskeittan og aðgengilegan hátt um viðkvæm og vandmeðfarin málmeini sem aðrir fréttamiðlar veigra sér við að nálgast.

19.45 The Simpsons (12:23) Hómer og félagar hlakka mikið til að verða viðstaddir Super Bowl en ruglingur með aðgöngumiða virðist ætla að koma í veg fyrir að þeir fái að sjá leikinn.

20.10 American Idol (1:42)

21.30 American Idol (2:42)

22.55 The Unit (23:23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um stórf leyfilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leyfilegustu ferðir sem upp koma. Með aðalhlutverk í þáttunum fara Dennis Haysbert og Robert Patrick.

23.40 Réttur (1:6)

00.25 Once Upon a Wedding

01.55 The Sisterhood of the Traveling Pants

03.50 The Closer (4:15)

04.35 Coronado

06.00 The Simpsons (12:23)

SPORT

besta sætið

07.00 Real Madrid - Osasuna Útsending frá leik í spænska boltanum.

14.50 Real Madrid - Osasuna Útsending frá leik í spænska boltanum.

16.30 Arizona - Philadelphia Útsending frá leik í NFL deildinni.

18.30 Pittsburgh - Baltimore Útsending frá leik í NFL deildinni.

20.30 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP mótinu en mótið fór fram á Chase Field í Phenonix.

21.25 Atvinnumennirnir okkar - Logi Geirsson Þáttur þar sem skuggst er inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar.

22.00 Spænsku mörkin Allir leikimír og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

22.30 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

23.15 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnar í heiminum.

00.10 Utan vallar með Vodafone Umræðubáttur þar sem íþróttfréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málmeini liðandi stundar.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Tottenham - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Man. City - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Premier League Review Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

18.45 PL Classic Matches Tottenham - Southampton, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

19.15 PL Classic Matches Chelsea - Arsenal, 1999.

► 19.50 Liverpool - Everton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Premier League Review Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

23.00 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.

23.30 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.55 Vörutorg

17.55 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

18.40 Charmed (17:22) Bandarískir þættir um þrjár fagar og kynngimagnaðar örlaganomir. Nemar úr galdraskóla Leos eru ásóttir af djöflum og biða systemar um hjálp. Piper er viss um að hún ráði við málið en djöflarnir eru máttugri en hún bjóst við. Billie fær Christy til að hitta foreldra þeirra og Coop kennir Phoebe að elska aftur. (e)

19.30 Málefnið (2:4) Umræðubáttur í beinni útsendingu. Sólvi Tryggvason og Gunnhildur Ama Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti og kafa djúpt í málin sem brenna á vörum þjóðarinnar.

► 20.10 Comanche Moon (3:3) Glæný mínisería í þremur hlutum, byggð á frægri sögu eftir Larry McMurtry. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Rachel Griffiths, Steve Zahn, Linda Cardinelli og Carl Urban.

21.50 CSI (1:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Síðasta þáttaröð endaði með mikilli dramatík þar sem Warrick var skotin. Nú þurfa Grissom og félagar að standa saman og leysa málið. Gamall félagi heyrir af morðinu og snýr aftur til að aðstoða.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Dexter (10:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. (e)

00.20 Vörutorg

01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTSALA

SOLO
ARINELDSTÆÐI

49.900 KR.



ACRO
ÍSLENSKT HEILSURÚM
120 X 200 CM

49.900 KR.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10
American Idol

Vinsælasti skemmtipáttur veraldar snýr aftur í áttunda skiptið. Draumar sjö söngvara hafa ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar. Síðasti sigurvegari, rokkarinn David Cook, gaf nýverið út sína fyrstu plötu og er hún einmitt meðal þeirra allra vinsælustu vestanhafs í dag. Og nú er kominn tími til að finna áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna og til þess mæta til leiks sem fyrr Simon Cowell, Randy Jackson og Paula Abdul. Þeim til fulltingis í fyrsta sinn í sögu American Idol verður fjórði dómari en í hóp þeirra hefur nú bæst söngkonan, lagahöfundurinn og músikmógúllinn Kara DioGuardi. Það er því fullvíst að eitthvað nýtt og óvænt muni gerast í nýrri seríu af American Idol. Leitin hefst í kvöld í Phoenix og Kansas City.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Málefnið

Skjareinn kl. 19.30

Umræðupáttur þar sem Sölvi Tryggvason og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti til þess að ræða ítarlega um heitustu málin sem brenna á vörum þjóðarinnar. Sölvi er sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur sem stjórnandi þáttarins Ísland í dag. Gunnhildur Arna er blaðamaður á Morgunblaðinu en þar á undan var hún ritstjóri dagblaðsins 24 Stunda. Í kvöld verða meðal annars rædd Evrópumálin og hugsanleg aðild Íslands að ESB.

Málefnið verður á dagskrá einn mánudag í



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfreginir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfreginir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfreginir
13.00 Vít og breitt
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útlitssagan: Gæludýrin

15.30 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfreginir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Auðlindin
18.26 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Lárétt eða lóðrétt
22.07 Veðurfreginir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Ársól
23.05 Á tónsviðinu
00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (105:260)

17.00 Seinfeld (19:24)

17.25 E.R. (20:25)

18.10 My Boys (16:22)

18.30 20 Good Years (5:13)

19.00 Hollyoaks (105:260)

20.00 Seinfeld (19:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

20.25 E.R. (20:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur.

21.10 My Boys (16:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði.

21.30 20 Good Years (5:13) Gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ítrasta.

▶ 22.00 Réttur (1:6) Réttur er ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagafækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem allir starfa á lögmannastofunni Lög og réttur og þar er Logi Traustason fremstur meðal jafningja.

22.45 Cold Case (3:23)

23.30 Mad Men (5:13)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnáping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Úrslit í leiðtogakjöri framsóknarflokksins með Guðna Ágústssyni.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjórinn hugumprúði í nærmynd.

21.30 Sportið mitt Farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar í máli og myndum í umsjá Sverris Júlíussonar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

DR 1

10.15 Hvor krageme vender 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.50 Aftenshowet 12.15 Landsbyhospitalet 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Family Guy 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkene 16.00 Trøldspejlet 16.15 Robotbøyer 16.30 Den travle by 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Guld og grønne skove 19.00 Vild i storbyjunglen 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Præsident Barack Obama 21.55 Hercule Poirot. Kortene på bordet 23.30 OBS 23.35 Hvor krageme vender

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.05 Landsbylegene 10.30 Tinas mat 11.00 NRK nyheter 11.10 Grosvold 12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Vår aktive hjerne 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Typisk norsk 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Vennene på Solflerken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Si ja, bli min 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Livet i Fagervik 21.25 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Inspektør Lynley 23.45 Nytt på nytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Sportspegeln 11.50 Djursjukhuset 12.20 På spåret 13.20 Flottans glada gossar 15.00 Rapport 15.05 Gomoron Sverige 15.55 Soul med Kringkastingsorkestret 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktom 18.00 Kulturmytterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Svenska Idrottsgalan 2009 21.30 Mitt stökiga liv 22.20 Kulturmytterna 22.35 Skavlan 23.35 Nip/Tuck 00.25 Sändningar från SVT24



Iceland Express



vörður

LIVERPOOL
EVERTON

Í KVÖLD KL. 19:50

BARCLAYS
PREMIER LEAGUE

Fallandi gengi
íslensku krónunnar hefur
hækað áskriftarverð á erlendum
íþróttastöðvum um allt að helming.
Það hefur aldrei verið hagstæðara
að velja íslenskar íþróttarásir.

SPORT 2
enski boltinn

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Mér finnst þetta bara gott og jákvætt. Hann á allar Harry Potter-bækurnar, hefur mikinn áhuga á tónlist og er kominn langt í klassísku pianónámi svo hann blómstrar í þessu. Þetta er í þriðja sinn sem hann tekur þátt í uppfærslu MS og ég er bæði ánægð og stolt af honum.“

Margrét Gunnarsdóttir, móðir Albrekt Haukssonar sem fer með hlutverk Harry Potter og útsetur tónlistina í söngleik Menntaskólans við Sund.

Mexíkóar stela íslenskri auglýsingu

„Maður hefur séð hugmyndir sem íslenskar auglýsingastofur hafa notað erlendis frá en ég hef ekki séð þetta fara í þessa áttina,“ segir Ársæll Baldursson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Ó-ið. Auglýsing sem stofan gerði fyrir Dominos á Íslandi hefur nú verið „endurgerð“ fyrir Dominos í Mexíkó. Reyndar án leyfis. „Við ætlum að grennslast aðeins fyrir um hvaðan þeirra hugmynd er komin. Við gerum ekkert stórmál úr þessu. Þeir hjá Dominos International voru allavega mjög ánægðir með hana og hún var sýnd sem velheppnuð auglýsing á einhverri ráðstefnu hjá þeim,“ útskýrir Ársæll en leikstjóri og handritshöfundur auglýsingarinnar er Þór Ómar Jóhannesson.

Auglýsingin sýnir unga og efni-lega bílskúrshljómsveit við stífar æfingar, húsráðanda til mikils ama. Hann ákveður að reyna að þagga aðeins niður í rokkinu og rólínu og grípur til þess ráðs að panta pitsu frá Dominos með tilætluðum árangri. Mexíkóska auglýsingin er nánast nákvæmlega eins, nema hvað húsbóndinn tekur lagið í lokin á kassagítar.

Ársæll segist vissulega hafa séð auglýsingastofur notfæra sér hugmyndir annarra. Hann hafi hins vegar aldrei áður séð sömu auglýsingu með handriti og öllu. „Okkur finnst náttúrulega íslenska auglýsingin miklu flottari, það er ekki nokkur spurning,“ segir Ársæll.

-fgg



STOLIN Íslenska bílskúrskandið gæðir sér á flatböckum eftir velheppnaða æfingu. Mexíkóska útgáfan er nákvæmlega eins nema húsráðandi tekur lagið á kassagítar í lokin.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hróss, 6. óreiða, 8. erfiði, 9. loga, 11. bókstafur, 12. faðma, 14. smáu, 16. í röð, 17. stofn, 18. jafnvel, 20. skóli, 21. hleypa.

LÓDRÉTT

1. afl, 3. munnur, 4. pensillín, 5. berja, 7. liðamat, 10. kk nafn, 13. stykki, 15. ungar fugl, 16. purrkað gras, 19. ólæti.

LAUSN

LÓDRÉTT: 1. þrek, 3. op, 4. fúkalí, 5. slá, 7. úllílið, 10. dúl, 13. stk, 15. kyn, 18. eða, 20. fg, 21. ysta.
LÁRÉTT: 2. lofs, 6. rú, 8. þul, 9. eld, 11. ká, 12. knúsa, 14. lítl, 16. h, 17. ungl, 16. hey, 19. at.

JACOB BINZER: VEIT EKKI HVAÐA HLJÓMSVEIT BUBBI MORTHENS ER

Bjargvættirnir frá Danmörku

„Ég veit ekki hvort fjáröflunin sem slík verður eitthvað sem öllu máli skiptir. Aðallega er þetta nú að sýna samstöðu, vekja athygli á málstaðnum og létta fólki lífið með rokktonleikum,“ segir Jacob Binzer aka Cobber, gítarleikari D-A-D, í samtali við Fréttablaðið.

Einhver stærsta rokksvæit Norðurlanda, hin danska D-A-D, er á leið til landsins. Hún heldur tónleika á laugardagskvöld, 24. janúar, á Nasa til styrktar nauðstöddum Íslendingum sem búsettir eru í Danmörku. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við samtökin Because We Care sem hafa að markmiði að styðja við bakið á bágstöddum Íslendingum í Danmörku, einkum ellilífeyrisþegum og námsmönnum sem hafa farið sérlega illa út úr bankahruninu og veikingu krónunnar. „Já, við eigum vin sem starfar með samtökunum. Við höfum séð í sjónvarpi hvernig saklaust fólk verður fyrir barðinu á þessu ástandi og gott að geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar,“ segir Cobber.

Meðlimir D-A-D munu dvelja hér á landi í fimm daga og auk þess að spila á tónleikum munu þeir taka upp vídeó hér. Hljómsveitin kom til Íslands fyrir margt löngu eða árið 1995 og tók þá einmitt upp myndband við eitt laga sinna. Cobber segir Ísland sérlega fagurt land sem bjóði upp á mjög sérstæða tókustaði. Aðspurður hvort eitthvað sé skipulagt annað meðan hljómsveitarmeðlimir dvelja hér á landi segir Cobber að þeir ætli að hitta innfædda – „We are going to meet the locals,“ segir þessi vingjarnlegi danski gítarleikari sposkur.

Hljómsveitin D-A-D á sér merkilagan og langan feril. Enn eru upprunalegir meðlimir hljómsveitarinnar að nema nýr trymbill kom til sögunnar árið 1999. „Jú, trommurum hættir til að springa í loft upp,“ segir Cobber. D-A-D var stofnuð árið 1984 og hóf þá að spila köntrí-skotið pönk. „Glim-rokk? Jú, en við höfum daðrað við ýmsar tónlistarstefnur. Við höfum spilað hart rokk, metal, sumt má kalla klassískt rokk... við erum



JACOB BINZER AKA COBBER – GÍTARLEIKARI D-A-D Segir enga leið að lýsa tónlist eða „sound-i“ með orðum.

fyrst og fremst rokkhljómsveit en það má kannski segja að við séum of ruglaðir til að halda okkur á einhverjum einum tilteknum bási.“

Meðlimir D-A-D eru meðal þeirra norrænu tónlistarmanna sem hafa náð hvað lengst á alþjóðavettvangi. Árið 1989 gerðu þeir milljóna dollara útgáfusamning við Warner Bros í tengslum við útgáfu plötunnar No Fuel Left for the Pilgrims sem sló rækilega í gegn. Þeir fóru í tónleikaferð um Bandaríkin og stóðu á barmi heimsfrægðar sem lét á sér standa. Cobber lætur sér þetta í léttu rúmi liggja, segir þetta hafa verið stórt fyrir þá þó að útgáfufyrirtækið hafi orðið fyrir vonbrigðum.

„Væntingarnar voru svo miklar á þessum tíma. Og menn vilja alltaf meira.“ Nú er hins vegar það á dagskrá hjá hljómsveitinni að fylgja eftir sinni tífundu plötu sem nýverið kom út. Monster Philosophy. En þar kennir ýmissa grasa og stílbrigða sem lýsa vel þessari fjölhæfu dönsku hljómsveit. Aðspurður hvort Cobber þekki íslenska tónlist og tónlistarmenn þá nefnir hann þessa hefðbundnu grunuðu: „Jú, Björk. Auðvitað. Sykurmolana og Sigur Rós.“

En... þú hlýtur að þekkja Bubba Morthens?

„Ehhh, nei, því miður. Ég veit ekki hvaða hljómsveit það er.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsta undanúrslitakvöld Söngvakeppni Sjóvarpsins þótti ágætlega heppnað. Eins og gengur og gerist voru skiptar skoðanir um úrslitin, en Jóhanna Guðrún og Edgar Smári komust áfram á meðan Heiða Ólafsdóttir og Ólöf Jara Skagfjörð sátu eftir með sárt ennið. Nú berast þær fregnir úr Efstaleiti að kosningin hafi verið ótrúlega jöfn þetta kvöldið. Þannig munaði ekki nema 70 atkvæðum á öðru og þriðja sætinu og aðeins 211 atkvæði skildu að annað og fjórða sætið.



Liðsmenn Fangavaktarinnar með Ragnar Bragason fremstan í flokki eru nú að leggja lokahönd á söguþráð síðustu seríunnar um þá Ólaf Ragnar, Georg og Daníel. Enn sem komið er hafa engar nýjar aukapersónur litið dagsins ljós enda fara tókur ekki fram fyrir en í maí. Hins vegar er ljóst að tókuliðið neyðist til að byggja sér sitt eigið fangelsi því Litla-Hraun er víst smekktullt og það yrði meiri háttar fyrir-tæki að koma þar fyrir þriðju manna starfsfólki. Og svo er óvíst hvort fangarnir yrðu þar hrífnir af því að hafa þjóðþekktar sjónvarpsstjórnur inni á gaffli hjá sér í mánuð eða svo.

Ný auglýsing fyrir Netvara Símans var frumsýnd fyrir helgi. Auglýsingin gerðu þeir Gunní og Sammi hjá Sagafilm. Athygli hefur vakið að lagið sem spilað er undir er gamalt og kunnuglegt, en í nýjum búningi. Um er að ræða gamla Egó-lagið Móðir sem Arnar Guðjónsson, söngvari Leaves, hefur útset upp á nýtt og syngur sjálfur. Bubbi og félagar í Egóinu koma ágætlega út úr þessu, þótt ekki sé notuð nema tæp mínúta af laginu. Hermt er að þóknun hljómsveitarinnar sé vel á aðra milljón króna.

- fgg, hdm



VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“



Fiskikóngurinn

SÚR HVALUR

STÓR HUMAR

Strákar verið nú góðir við elskurnar ykkar

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Ástvinanudd hjá Ingva Hrafni

„Þældu bara í því! Nú getur þú tekið konuna þína, sett hana fyrir framan sjónvarpið og sagt við hana: Fylgstu nú með. Og lærðu hvernig þú getur verið almennileg við mig,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri á ÍNN.

Meistari ljósvakans, Ingvi Hrafn, er stöðugt að leita nýrra leiða hvað varðar nýstárlegt sjónvarpsefni sem svínvirkar. Nú er það ástvinanudd. Ingvi Hrafn harðneitar aðspurður að þetta sjónvarpsefni sé á mörkum þess að teljast siðlegt. „Hva, ég hef fengið hann Gunnar Friðriksson, sem verið hefur með nuddnámskeið árum saman og landsþekktur sem slíkur, til að kenna réttu tókin og hreifingarnar. En hugmyndin er að



INGVI HRAFN NUÐAÐUR VANDLEGA Sjónvarpsstjóri segir ástvinanuddið hæglega geta leitt til einhvers enn skemmtilegra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ástvinir geti horft saman á sjónvarpið og lært hvernig það á að dekra hvort við annað. Nuðaði í sig vellíðan og unað... já, sem gæti endað í einhverju enn skemmtilegra. Og það eina sem þú þarft að gera er að stilla á ÍNN! Þá fyllist allt af unaði og kærleika milli fólks. Þess vegna köllum við Gunnar þetta ástvinanudd,“ segir Ingvi Hrafn. Og setur á langa ræðu um nudd sem hann segir alveg einstaklega jákvætt fyrirbæri. Og ekki sé verra ef fólk fari út í bú og kaupir sér unaðsolúu að norðan. Það sem meira er, sjónvarpsstjóri segir þetta það eina rétta nú á krepputímum: „Við nuddum hvert annað og nuddum okkur í gegnum kreppuna.“

- jbg

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

ÍSLENSK HÖNNUN

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur
30% afsláttur
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

20-70% afsláttur af
öllum húsgögnum
og teppasettum.
20% afsláttur af
svefnsófum.



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

+OPIÐ 8-24 ALLA DAGA

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKPANKAR
Gerðar Kristnýjar

Nýtt tækifæri

EKKI fyrr hafði ég skráð mig inn á snjaldurskjóðuna „Facebook“ að gömul bekkjarsystkini birtust og buðu mig velkomna. Þau höfðu þegar stofnað grúppu þar sem getur að líta gamlar ljósmyndir af okkur með tíkarspena og frostbitnar kinnar íklædd rúllukragapeysum og skálmvíðum buxum. Þetta er einmitt útlitið sem manni finnst ósköp sætt í ofurstíseruðum dönskum sjónvarpsþáttum en vekja hjá manni hroll þegar þessi flíslausu ár rifjast upp. Tíminn þegar teygjuefni fannst ekki í barnabuxum og ull þótti ekki ull nema hún stingi. Þetta var eins og að klæða sig í býflugnasverm.

MÉR fannst skemmtilegt að ná aftur sambandi við bekkjarsystkini sem ég hef sum ekki hitt svo árum skiptir og eru jafnvel flutt úr landi. Það er gaman að geta vafræð inn í líf þeirra, sjá hvað þau hafa fyrir stafni, athuga hverja þau þekkja og hvort þau séu ekki örugglega svolítið glöð. Það mátti svo sem sjá fyrir hverjir ættu eftir að sýna mestan lit inni á Snjaldurskjóðunni, hverjir myndu færa oftast inn athugasemdir og fréttir úr eigin lífi. Við höfum í raun lítið breyst á 25 árum – og þó.

Á SÍNUM tíma var ég fegin að útskrifast úr þessum bekk. Þegar ég heyrir fólk sem alist hefur upp í þorpum úti á landi segja frá þeim takmarkalaus smábæjarbrag sem þar viðgengst með tilheyrandi uppnefnum og niðurrifi veit ég nákvæmlega um hvað það er að tala. Í skólanum mínum gátu atburðir elt fólk úr sjó ára bekk upp í þann níunda. Það var engin leið að hrista af sér leiðinleg atvik eða fjarstæðukenndan söguburð. Allir voru fastir í rullum sem þeir komust ekki úr. Á snjaldurskjóðunni fáum við tækifæri til að byrja upp á nýtt.

Í SÍÐUSTU viku bættist ein bekkjarsystirin við og óskaði eftir að fá að bætast við minn vinafjöld. Ég hélt það nú og stakk upp á henni sem vini við alla hina úr árganginum. Skyndilega varð mér ljóst að það er nákvæmlega þannig sem ég vona að móttökurnar verði þegar ég dey. Kunnugleg andlit bjóði mig velkomna og leiði mig hikstalaust inn í hópinn. Síðan á tíminn eftir að líða við leik og söng svona eins og á Þjóðháttíð. Kannski á samt einhver eftir að leggja frá sér lundann og spyrja hvar hinn eða þessi sé, hvort hann eða hún ætti ekki að vera komin/n. Þá yppum við hin bara öxlum og svörum: „Æ, ætli þau hafi ekki bara farið á hinn staðinn. Þau voru jú alltaf að stríða.“



FLORISIA



Gatwick!

Frá og með 1. maí flytjum við okkur yfir á Gatwick-flugvöll í London

Lyftu þér upp í London eða Køben!

Hvernig væri að gefa skammdeginu smá frí og skreppa til London eða Kaupmannahafnar? Borgirnar iða af lífi allt árið um kring og upplagt að gera sér dagamun á löngum vetrarmánuðum. Bókaðu flug á betra verði á www.icelandexpress.is - þú átt það skilið!

Iceland Express með ánægju




GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 19. janúar, 19. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.44	13.38	16.33
Akureyri	10.48	13.23	15.59

Heimild: Almanak Háskólans